



Saga

Hrossaræktarsambands Borgarfjarðar

1954 – 1964

og

Hrossaræktarsambands Vesturlands

1964 - 2004

Árni Guðmundsson, nóvember 2005

Efnisyfirlit

- 1 Upphaf
- 2 Hrossræktarsamband Borgarfjarðar
- 3 Hrossræktarsamband Vesturlands
- 4 Breytingar á aðildarfélögum (deildum)
- 5 Breyttir tímar í notkun stóðhestanna.
- 6 Haustfundir
- 7 Stofnun Hrossræktarsambands Íslands

- 8 Stjórn og endurskoðendur

- 9 Fjárhagur

- 10 Lög og reglur

- 11 Framkomnar tillögur

- 12 Afkvæmarannsóknir og tamningastöð

- 13 Stóðhestaeign

- 14 Leiguhestar

1 Upphaf

Frá upphafi byggðar á Íslandi hefur hesturinn verið förunautur mannsins og svo nauðsynlegur í daglegri umsýslu og starfi manna, að strax í upphafi hófu menn ræktun hans sem sést m.a. á því að í Íslendingasögum er víða getið um stóðhross góð sem oft voru höfð til vinagjafa og friðmæla.

Sökum þess hvað hesturinn var nauðsynlegur í lífi fólks er engin tilviljun að ræktun hans hófst á undan ræktun annarra búfjárkynja.

Í bókstaflegri merkingu kom hestur við sögu Íslendinga frá vöggum til grafar og á þá þurfti að treysta á ferðalögum hvort heldur var á sólríkum sumardögum eða í stórhriðum vetrarins og allt þar á milli eða í glímu við smálæki sem oft urðu að skaðræðisfljótum eða beljandi jökulvötnum.

Þar sem menn urðu í mörgum tilfellum að treysta á þrek, áræði og ratvísi hesta þótti sjálfsagt að rækta hross með þessum eiginleikum og kom fyrsta skráða heimildin um búfjarrækt, - sem er áminning um hrossarækt, - í Félagsritum eftir Ólaf Stephensen árið 1788. Þar voru gefnar upp réttar aðferðir við hrossarækt að þeirra tíma hætti og gefnar lýsingar á vel byggðum hrossum og hvetur hann þar mest til ræktunar reiðhesta.

Fyrstu lög um kynbætur hrossa voru svo samþykkt á Alþingi 1891, og notuðu sér margar sýslur þá lagasetningu og settu á stofn hrossaræktarfélag fljótlega eftir 1900.

Strax á stofnfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar 1. júní 1910 var rætt um sauðfjarrækt og hrossarækt en lítill skriður komst á hrossræktarmálin fyrr en hrossaræktarfélagin tóku til starfa hvert í sinni sveit en þau voru stofnuð hér í Borgarfirði á árunum 1924-1931 og störfuðu með einum eða fleiri stóðhestum í hverju félagi með mjög lítilli tilfærslu stóðhesta á milli sveita.

Nokkur áhugi var á þessu starfi og telst þetta merkur kafli í hrossaræktarsögu héraðsins.

Þegar árin liðu og líða tók á fimmta áratuginn og innreið véltækni bæði til ferðalaga og búsnýtja hófst var svo komið að áhugi fyrir notkun hrossa minnkaði að stórum hluta og menn óttuðust endalok íslenska hrossastofnsins.

2 Hrossaræktarsamband Borgarfjarðar

Við þessar aðstæður var Hrs. Borgarfjarðar stofnað af mönnum sem ekki vildu trúá því að saga hrossa á Íslandi væri öll. Því var það á aðalfundi Búnaðarsambands Borgarfjarðar föstudaginn 15. maí 1953 að Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur Hvanneyri flutti tillögu þess efnis að stofna hrossaræktarsamband í Borgarfirði og mælti með að það starfaði sem deild innan sambandsins með sérstakri undirstjórn. Hann taldi að deildirnar innan hins nýja sambands ef stofnað yrði kæmu til með að verða allt að fjórtan. Orðrétt úr fundargerðinni: „Út af þessu, og eftir að málið hafði verið athugað af allsherjarnefnd fundarins var samþykkt svohljóðandi: „Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að athuga og gera tillögu í hrossakynbótamálum héraðsins. Skal nefndin hafa lokið störfum það snemma, að tillögur hennar geti komið til álita hreppabúnaðarfélaganna áður en þau halda aðalfundi sína næsta vetur og verði svo tillögurnar lagðar fyrir næsta aðalfund B.S.B.” Kosnir voru í nefndina Ingólfur Guðbrandsson bóndi Hrafnkelsstöðum, Ari Guðmundsson verkstjóri Borgarnesi og Hjálmar Jónsson ráðunautur Hvanneyri, en Gunnar Bjarnason sé ráðunautur nefndarinnar.

Laugardaginn 24. okt. 1953 hélt millifundanefndin í hrossarækt sinn fyrsta fund að Hvanneyri. Allir nefndarmenn voru mættir svo og ráðunautur nefndarinnar. Á þessum fundi skýrði Gunnar Bjarnason á hvern hátt Búnaðarfélag Íslands mundi samkvæmt lögum styðja við bak hrossaræktar í landinu. Áréttað var að Hrossræktarsambandið yrði deild innan B.S.B. með hreppadeildirnar gömlu sem undirdeildir svo sem samþykkt hafði verið á síðasta aðalfundi B.S.B. Gunnar lagði fram uppkast að reglum fyrir starfseminu og kosinn var formaður nefndarinnar Ari Guðmundsson. Hinn 8. nóv. skrifaði formaður nefndarinnar bréf sem var sent öllum búnaðarfélögum á sambandssvæðinu 18 að tölu, þar með talið Akranes og Borgarnes ásamt þeim fundargerðum sem um málið hefðu fjallað, ennfremur uppkast að reglum deildarinnar.

Á aðalfundi B.S.B. 8. maí 1954 stóð málið þannig að sex höfðu svarað játandi, tveir neitandi en tíu var óvíst um. Eitt búnaðarfélag bættist við á fundinum svo alls voru sjö með er deildin var stofnuð.

Áhugi fyrir þessu virtist því ekki mega vera minni. Þá var kosin nefnd til að fjalla um málið á fundinum. Hana skipuðu: Friðjón Jónsson bóndi Hofsstöðum, Sigurður



Daníelsson bóndi Indriðastöðum og Ari Guðmundsson verkstjóri Borgarnesi. Tillaga nefndarinnar svohljóðandi var samþykkt með átta atkvæðum en enginn greiddi atkvæði á móti. „Fundurinn samþykkir að stofna deild innan Búnaðarsambands Borgarfjarðar er vinni að hrossaræktarmálum, samkvæmt lögum um búfjárrækt nr. 19-1948 og breytingum á þeim lögum frá 19. des. 1951. Þar sem nú þegar hafa sjö búnaðarfélög samþykkt á aðalfundum sínum að vera þátttakendur í deildinni, teljast þau sem aðalstofnendur og verði þegar unnið að því að stofna fleiri deildir. Fundurinn heimilar stjórn sambandsins að verja fé úr félagssjóði til nauðsynlegra framkvæmda í þessu skyni m.a. til girðinga fyrir vanskapaða hesta og unga hesta líklega til kynbóta síðar, enda greiði eigendur sanngjarna hagagöngu hestanna. Fundurinn treystir því að stjórn deildarinnar sjái um að fyrirmælum laga um lausagöngu graðhesta verði framfylgt. Að öðru leyti vísast til reglugerðaruppkasts millifundanefndarinnar”. Þá var á fundinum kosin fyrsta stjórn hrossaræktarsambands Borgarfjarðar sem starfaði sem deild innan B.S.B. en hún var svo skipuð: Ingólfur Guðbrandsson Hrafnkelsstöðum formaður, Guðmundur Pétursson Hesti og Ari Guðmundsson Borgarnesi.

Samkvæmt bókunum Hrossaræktarsambandsins hefir verið vel unnið að útbreiðslustarfsemi þess, því í ljós kom á stjórnarfundum föstudaginn 17. sept. 1954 að tólf deildir höfðu verið stofnaðar en samkvæmt lögum sambandsins voru það formlegar deildir þar sem graðhestar voru í girðingum þótt þeir væru fleiri en einn í sömu sveit.

Á aðalfundi B.S.B. 16. maí 1955 sem var jafnframt aðalfundur Hrossaræktardeildarinnar átti Guðmundur Pétursson að ganga úr stjórn hennar en var endurkosinn. En á aðalfundi B.S.B. 8. júní 1956 átti Ingólfur á Hrafnkelsstöðum að ganga úr stjórn hrossaræktardeildarinnar. Hann baðst eindregið undan endurkosningu. Í hans stað var kosinn Páll Sigurðsson í Fornahvammi og var hann kosinn formaður þegar stjórnin skipti með sér verkum.

Ári síðar á aðalfundi B.S.B. hinn 27. júní 1957 var Ari Guðmundsson verkstjóri Borgarnesi kosinn formaður hrossaræktardeildarinnar til tveggja ára og þá er einnig kosinn Einar E. Gíslason ráðunautur B.S.B. í stjórnina til þriggja ára í stað Páls í Fornahvammi, sem óskaði eftir að losna úr stjórninni.



22.júní 1958 er Símon Teitsson Borgarnesi fyrst kosinn í stjórn Hrossaræktardeildarinnar og þá að því er virðist í stað Einars E. Gíslasonar sem fluttist það ár að Stóra-Hrauni og þá var Guðmundur Pétursson á Hesti endurkosinn til þriggja ára.

Árið 1959 27. apríl var Ari Guðmundsson endurkosinn formaður hrossaræktardeildarinnar. Svo sorglega vildi til að 21. maí 1959 féll Ari af hestbaki og beið bana. Enginn veit hvað olli hinu sviplega slysi því Ari var einn á ferð en enginn sem þekkti til Ara sem hestamanns trúði því að hann hefði fallið af hestbaki af tilefnislausu. Eitthvað hlaut að hafa komið fyrir. Þótt Ari Guðmundsson hafi verið umdeildur í starfi sínu að hrossaræktarmálum í héraðinu voru allir sammála um að fallið hefði frá ötull merkisberi hesta og hestamennsku sem fleytti mönnum af miklum dugnaði yfir það áhugaleysi sem ríkti í hestamennsku og hrossarækt um árabíl.

13. maí 1960 var Símon Teitsson kosinn formaður deildarinnar og Þorsteinn Guðmundsson bóndi á Skálpastöðum kosinn í stjórn sem nýr maður. 6.maí 1961 er Björn Jóhannesson bóndi Laugavöllum kosinn í stjórn deildarinnar í stað Guðmundar Péturssonar, sem gerðist ráðnautur Hrossaræktarsambands Vesturlands þegar það var stofnað 31. okt. 1964.

3 Hrossaræktarsamband Vesturlands

Upp úr þessum plægða en að öðru leyti óunna jarðvegi er Hrossaræktarsamband Vesturlands (hér eftir skammstafað Hrs. V.) sprottið og fyrsti vísirinn að stofnun þess lagður á stjórnarfundum Hrossaræktardeildar B.S.B. að Laugavöllum í Reykholtdal 18. mars 1962 þar sem allir stjórnarmenn voru mættir þeir Símon Teitsson Borgarnesi, Þorsteinn Guðmundsson Skálpastöðum og Björn Jóhannesson Laugavöllum en þá kom fyrst á dagskrá umræða um stofnun Hrs. V. með þátttöku Snæfellinga, Dalamanna og e.t.v. Strandamanna vegna tilmæla frá Leifi Kr. Jóhannessyni ráðunaut á Snæfellsnesi. Samþykkt var að leggja málið fyrir næsta aðalfund B.S.B.



Priðjudaginn 26. júní árið 1962 var samþykkt svohljóðandi ályktun um hrossaræktarmál á aðalfundi B.S.B. „Vegna óska hestamannafélaganna í Strandasýslu, Dalasýslu og sams konar tilmæla frá Snæfellingum, gerir aðalfundur B.S.B. 1962 svofellda ályktun: Fundurinn lýsir því yfir, að Búnaðarsamband Borgarfjarðar er fúst til að ræða þetta mál. Jafnframt vill fundurinn benda á að hrossaræktarsambandið er deild í Búnaðarsambandi Borgarfjarðar. Myndi því eðlilegra að búnaðarsambönd þeirra héraða, sem hér óska samstarfs yrðu aðilar að málinu.”

Á aðalfundi B.S.B. föstudaginn 3. maí 1963 var samþykkt tillaga um þann möguleika að leggja hrossaræktardeildina innan B.S.B. niður og stofna sjálfstætt samband á Vesturlandi. Eftir nánari athugun verði málið lagt fyrir fulltrúafund B.S.B.

Hinn 1. des. 1963 var fundur haldinn í skrifstofu Borgarneshrepps þar sem mættir voru fulltrúar frá þeim samtökum sem áður eru nefnd og rætt um stofnun hrossaræktarsambands þar sem sambandssvæðið væri Vesturlandskjördæmi ásamt Strandasýslu. Á fundinum voru mættir þessi menn:

Símon Teitsson Borgarnesi

Björn Jóhannesson Laugavöllum

Bjarni Arason ráðunautur Borgarnesi

Guðmundur Pétursson ráðunautur Hesti

Þorsteinn Guðmundsson Skálpastöðum

Jón Kristjánsson Kjörseyri Strandasýslu

Bjarni Finnbogason ráðunautur Búðardal

Gísli Þorsteinsson Þorgeirstaðarhlíð Dalasýslu

Haukur Sveinbjörnsson Snorrastöðum Snæf.

Leifur Kr. Jóhannesson ráðunautur Stykkishólmi

Þorkell Bjarnason hrossaræktarráðunautur B.Í. Laugarvatni.

Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri Laugarvatni

Eftir stutta framsöguræðu Símonar Teitssonar tók til máls Þorkell Bjarnason sem ræddi fundarefnið og mælti eindregið með stækkun sambandssvæða. Þorsteinn Guðmundsson og Guðmundur Pétursson fluttu tillögu um að sambandið hlutaðist til



að það eða einstaklingar hæfust handa um hreinræktun úrvalshrossakynja á sambandssvæðinu.

Eftir kaffihlé skiptust menn í tvo hópa og ræddu málið sín á milli og báru sig saman á eftir.

Þá bauð stjórn Hrossaræktardeildar B.S.B. hinum væntanlegu nýju félögum að hver ný deild sem gengi í sambandið greiddi 10.000 kr. sem stofnframlag þannig að á næsta vori væru greiddar kr. 6.000 og svo 2.000 á ári næstu 2 árin. Samþykkt samhljóða.

Að síðustu mælti Bjarni Bjarnason nokkur hvatningarorð.

Priðjudaginn 23. júní 1964 á aðalfundi B.S.B. var tekin lokaákvörðun um að leggja deildina niður og stækka svæðið svo sem áður hefir verið skýrt frá og samþykkt samhljóða svofelld tillaga: „Aðalfundur B.S.B. samþykkir að verða við óskum Hestamannafélags Snæfellinga, Hestamannafélagsins Glaðs í Dalasýslu og Hestamannafélagsins Blakks í Strandasýslu til stofnunar Hrossaræktarsambands Vesturlands samkvæmt samþykktum fundar er haldinn var í Borgarnesi 1. des. 1963 með fulltrúum frá nefndum félögum ásamt stjórn og ráðunautum B.S.B. og Þorkeli Bjarnasyni hrossaræktaráðunaut enda samþykki Búnaðarfélag Íslands lög sambandsins”. Þar með var afskiptum B.S.B. af hinni félagslegu hlið hrossaræktarstarfsins í héraði lokið en áfram var búnaðarsambandið aðili að héraðssýningum og fjórðungsmótum í Borgarfirði svo sem lög mæla um. Síðan 1964 hefur Hrossaræktarsambandið verið þannig uppbyggt að að því standa hreppadeildirnar gömlu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, sem eru deildir hver í sinni sveit nema sveitirnar sunnan Skarðsheiðar á félagssvæði Hestamannafélagsins Dreyra en það félag fer með málefni hrossaræktarinnar á því svæði og er ein deild í Hrs. V. , Snæfellingur á Snæfellsnesi, Glaður í Dalasýslu og Blakkur í Strandasýslu eru svo deildir innan sambandsins hvert á sínu félagssvæði.

Þegar hér er komið sögu þykir rétt að birta orðréttu stofnfundargerð Hrs. V. svohljóðandi:

Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands.

Ár 1964 laugardaginn 31. okt. var haldinn í Borgarnesi stofnfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands. Formaður hrossaræktardeildar Búnaðarsambands Borgarfjarðar, Símon Teitsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Tilnefndi hann sem fundarritara Brynjólf Sæmundsson Hólmavík. Formaður lagði fram svohljóðandi dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Lagabreytingar
4. Stjórnarkosning
5. Önnur mál.

- I. Formaður flutti skýrslu stjórnarinnar. Rakti hann sögu hrossaræktardeildar Búnaðarsambands Borgarfjarðar frá stofnun þess, en það var stofnað 1954. Gerði hann grein fyrir stóðhestakosti sambandsins frá upphafi, en sambandið hafði eignast til þessa 24 hesta. Þar hafa fallið úr notkun 14 af ýmsum ástæðum en 10 eru nú í eigu sambandsins og gaf formaður greinargóða lýsingu á hverjum einstökum þeirra. Formaður taldi dýrmæta reynslu hafa fengist á þessum 10 ára starfstímabili og taldi að stóðhestakosturinn hefði tekið miklum framförum á tímabilinu. Að lokum óskaði formaður þess að hið nýja samband mætti vaxa og eflast að hestakosti.
- II. Formaður lagði fram reikninga hrossarræktardeildar B.S.B. fyrir árið 1963 og skýrði þá.
Niðurstöður rekstrarreiknings voru kr. 23.352.31
Niðurstöðutölur hestakaupasjóðsreiknings voru 38.754.29
Eignir umfram skuldir voru kr. 102.325.74
- III. Formaður lagði fram frumvarp að lögum fyrir hrossaræktarsamband Vesturlands. Tillaga kom fram frá Guðmundi Péturssyni um að kjósa nefnd til að fjalla um lagafrumvarpið. Kosnir voru eftir uppástungu þeir Þorkell Bjarnason, Guðmundur Pétursson, Leifur Kr. Jóhannesson, Brynjólfur Sæmundsson og formaður sambandsins Símon Teitsson. Því næst var gefið fundarhlé.



Þegar fundi var framhaldið lagði formaður fram lagafrumvarpið með þeim breytingum sem nefndin gerði á því. Nokkrar umræður urðu um frumvarpið og tóku til máls auk formanns þeir Guðmundur Magnússon, Árni Guðmundsson og Jón Kristjánsson. Var frumvarpið síðan samþykkt með smávægilegum breytingum og er svohljóðandi:

„Lög

Hrossaræktarsambands Vesturlands

1. gr.

Félagið heitir Hrossaræktarsamband Vesturlands og starfar samkvæmt gildandi búfjárræktarlögum. Félagssvæðið er Vesturlandskjördæmi svo og Strandasýsla. Heimili þess og varnarþing er í Borgarnesi.

2. gr.

Félagið starfar í deildum og á hver deild sem svarar verði eins stóðhests í sambandssjóði. Sambandið skal sjá hverri deild fyrir einum hesti yfir sumarið, en hver deild skal sjá um framfæri eins stóðhests árlangt.

Séu hestarnir færri en deildirnar, skal sú deild sem engan hest fóðrar, greiða til sambandsins upphæð, sem svarar fóðri eins hests. Hestunum skal ráðstafað í fóður í samráði við stjórn sambandsins.

3. gr.

Markmið sambandsins er að efla hrossarækt á (sambandssvæðinu) félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt.

1 Vinna að því að gera hrossin verðmeiri með kynbótum, hagfelldara uppeldi og tamningu.

2 Styðja við hvers konar viðleitni til markaðsöflunar innan lands og utan.

3 Vinna að því að glæða áhuga almennings fyrir hrossarækt og hestamennsku með því að stuðla að skipulagningu kappreiða víðsvegar á sambandssvæðinu og gera þær að viðburðardegi fyrir alla þá, sem hestum unna, enda verði leitast við að sýna og kynna fólki sem flesta af eiginleikum hins fjölhæfa íslenska hests.

4 Stuðla að því, að ungt fólk geti notið leiðsagnar um tamningu og meðferð hesta.

4. gr.

Sambandið vill beita sér fyrir því, að athuganir fari fram árlega á tveggja vetra gömlum folum og skapa aðstöðu til þess, að líklegustu folarnir verði ógeltir til þriggja vetra aldurs, enda verði þá endurnýjað mat á þeim og skorið úr um það hverjir þeirra teljast hæfir til kynbóta.

5. gr.

Meðlimir í sambandinu eru hinar ýmsu deildir, sem eru myndaðar af einu eða fleiri hrossaræktarfélögum, svo og félagsheildir, enda hafa þær sömu réttindi og skyldur og aðrar deildir.

6. gr.

Með inntökugjaldi deildanna skal myndaður sjóður, sem varið verði til stóðhestakaupa.

Stofngjald hverrar deildar skal miðað við verð á góðum stóðhesti, eins og það er á hverjum tíma og ákveðið á aðalfundi.

Stofnsjóðsgjaldið er óafturkræft framlag félaganna meðan sambandið starfar, en leysist það upp, verður farið með eignir samkvæmt búfjárræktarlögum. Hver deild hefir tvö atkvæði á aðalfundi.

7. gr.

Árlegar tekjur sambandsins eru:

- 1 Fóðurstyrkir ofl. samkv. Búfjárræktarlögum.
- 2 Verð seldra stóðhesta.

3 Skaðabætur vegna vanhalda á tryggðum stóðhestum.

4 Vextir af sjóðum ofl.

8. gr.

Sambandinu stýrir þriggja manna stjórn, formaður, ritari og gjaldkeri, og jafnmargir til vara. Fyrst sé kosin öll stjórnin, en eftir það sé kosinn einn maður til þriggja ára eftir hlutkesti 2. og 3. árið. Endurskoðendur skulu vera tveir og jafn margir til vara kosnir árlega. Kosningar skulu vera skriflegar og ræður afl atkvæða úrslitum.

Kjörgengi í stjórn sambandsins eru meðlimir allra félaga sem standa að sambandinu. Kjósa má endurskoðendur opinberri kosningu ef mótmælum er ekki hreyft.

9. gr.

Aðalfund skal halda árlega og hefur hann æðsta vald í öllum málefnum sambandsins.

Verkefni hans eru:

- 1 Skýrslur sambandsstjórnar
- 2 Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
- 3 Lagabreytingar
- 4 Stjórnarkosning
- 5 Önnur mál.

10. gr.

Aðalfundur kýs árlega einn af búfjárræktarráðunautum á sambandssvæðinu sem ráðunaut sinn og hefir hann tillögurétt og neitunarvald til jafns við stjórnina um allt er varðar stóðhestakaup. Ráðunauturinn skal þó ekki eiga sæti í sambandsstjórninni.”

IV Kosningar

a) Stjórnarkosning:

Fyrst var kosinn formaður og var kjörinn Símon Teitsson með 19 atkvæðum en Leifur Jóhannesson hlaut 1 atkv.

- b) Kosinn ráðunautur sambandsins. Kosinn var Guðmundur Pétursson með 18 atkv., en Leifur Jóhannesson hlaut 3 atkv.
- c) Þá var stungið upp á Baldvin Þórarinssyni, Einari Gíslasyni, Jóni Kristjánssyni, Hauki Sveinbjarnarsyni og Friðgeiri Friðjónssyni í nefnd til þess að gera tillögur um kosningu ritara og gjaldkera.

Uppstillinganefnd gerði tillögur um að Marinó Jakobsson yrði ritari og Leifur Kr. Jóhannesson gjaldkeri. Því næst var kosinn ritari og hlaut Marinó Jakobsson kosningu með 18 atkv., Einar Gíslason hlaut 2 atkv. og Leifur Jóhannesson 1 atkv.

Þá var kosinn gjaldkeri og hlaut Leifur Kr. Jóhannesson kosningu með 20 atkv. en Einar Gíslason hlaut 1 atkv.

- d) Kosning varastjórnar: Kosningu hlutu þeir Einar Gíslason varaformaður með 18 atkv. Haukur Sveinbjarnason vararitari 10 atkv. Björn Jóhannesson varagjaldkeri 8 atkv.
- e) Þá voru endurskoðendur kosnir eftir uppástungu: Friðgeir Friðjónsson og Árni Guðmundsson til vara þeir Andrés Jóhannesson og Ragnar Jónatansson.

V Önnur mál:

Þá tók til máls hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Þorkell Bjarnason. Ræddi hann um stóðhestaval og taldi hann að fjármagn til hrossaræktarinnar væri af mjög skornum skammti. Taldi hann að hrossaræktarsamböndin væru góð leið að því marki sem keppt væri að, og að kynbótamálunum þyrfti að vinna með sameiginlegu átaki ráðunauta, bænda og annarra áhugamanna um hrossarækt. Þá ræddi hann um nauðsyn þess að koma upp nákvæmri spjaldskrá yfir öll fædd folöld.

Þá var orðið gefið frjálst og kvaddi sér hljóðs Jón Kristjánsson. Ræddi hann um hrossarækt og hvatti til stofnræktar.



Skúli Kristjánsson ræddi nauðsyn þess að stóðhestar fái fullkomna tamningu og að hryssr fengju einnig nokkra tamningu.

Guðmundur Pétursson sagði frá því að stofnað hefði verið félag til þess að hreinrækta Hornafjarðarstofninn. Einnig gat hann þess að komið hefði til orða að hreinrækta fleiri stofna í Borgarfirði.

Einnig tók til máls Leifur Jóhannesson. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og þakkaði formaður fundarmönnum komuna og óskað þeim góðrar heimferðar.

Fundið slitið.

Brynjólfur Sæmundsson

Símon Teitsson

Fundarritari

Hér á undan hefir verið gerð allnákvæm grein fyrir aðdraganda og tilurð Hrs. V. og þeir menn tilnefndir sem aðallega komu að því málefni og lögðu grunninn að undirbúningi og stofnun þess.

Á fyrsta aðalfundi Hrs. V. 5. desember 1965 kom fram í skýrslu formanns Símonar Teitssonar Borgarnesi að 15 deildir hefðu starfað innan sambandsins á fyrsta starfsári þess og nýting stóðhestanna betri en oft áður. Þá vonaði formaður að hinir nýju félagar myndu að þeir væru velkomnir til samstarfsins.

Þá minntist formaður á að hrossaræktin ætti sér enn marga gagnrýnendur sem teldu að bestu hrossin kæmu úr óræktuðu stóði. Orðrétt úr fundargerðinn:

„Þorkell tók til máls og þakkaði stjórn Faxe sem sá um framkvæmd fjórðungsmótsins þá um sumarið 1965 fyrir góða frammistöðu. Hann gaf lýsingu á hestum sambandsins sem sýndir voru. Baldur og Röði mundu halda áfram að bæta stofninn en hæpið væri að nota Hrafn frá Miðfossum lengur til undaneldis.

Bliki og Rökkvi eru báðir með I. verðlaun og góðir einstaklingar en Geisli aðeins lakari enda fékk hann II. Verðlaun. Freyr kom illa út og mun lakar en á Þingvöllum 1962 þegar hann kom vel fyrir 4 v. gamall. Léttir



leit illa út og hafði auglýsingalega komið illa út úr notkun um vorið. Hefur Þorkell von um að hér sé gott efni á ferðinni. Logi geðslegt hestsefni”.

Hér er að sjálfsögðu átt við stóðhestana Baldur 449 frá Bóndhól, Roða 453 frá Skörðugili, Hrafn 402 frá Miðfossum, Blika 589 frá Tungufelli, Rökkva 552 frá Dalkoti, Geisla 588 frá Sandlækjarkoti, Frey 579 frá Árbæ, Létti 586 frá Vilmundarstoðum og Loga 605 frá Kletti.

Þessi kafli úr fundargerð sem Einar E. Gíslason bústjóri á Hesti ritaði er birt í þeim tilgangi að sýna hvað góður fundarritari getur með fáum orðum sagt mikla sögu. Á þessum fundi kom fram sú skoðun að fóðra alla hesta sambandsins á sama stað og hafa þá í þjálfun hjá sama manni, því þá væri hægt að fylgjast með þeim á jafnréttisgrunni.

Árið 1966 á aðalfundi varpaði formaður Símon Teitsson fram því álitum að ástæða væri til meiri sjálfs gagnrýni á hesta sambandsins. Þá kom fram í máli formanns að ástæða væri til að taka ljósmyndir af hestum sambandsins og er það í fyrsta sinn sem sú hugmynd kemur fram.

Á aðalfundinum 29. apríl 1967 kom fram á máli Þorkels Bjarnasonar að á Suðurlandi væru hafnar afkvæmarannsóknir á stóðhestum sem B.F.Í. styrkti. Þessum merka þætti í ræktunarsögunni verður sagt frá í öðrum kafla í bókinni ásamt tamningastöð Hrs.V.

Á stjórnarfundum 8. des. 1969 sagði formaður Símon Teitsson frá bréfi sem hefði borist frá Hrs. Suðurlands og stungið upp á skiptum og samvinnu með stóðhestana. Þetta er nefnt hér vegna þess að þetta var nýmæli og í fyrsta sinn sem skipti á stóðhestum við önnur sambönd komu á dagskrá hjá Hrs.V.

Á aðalfundinum 26. apríl 1970 vakti Skúli Kristjánsson Svignaskarði máls á að lítið þokaðist í þá átt að losna við lausagöngu graðhesta og þörf á að takast á við það verkefni. Þetta sýnir mönnum hvað þetta var erfitt og viðkvæmt verkefni sem tók ótrúlega mörg ár að leysa.

Á aðalfundi 23. apríl 1971 kom fram í umræðum í fyrsta sinn að sambandið eignaðist jörð eða jarðarpart til geysmlu á stóðhestum þegar þeir losnuðu úr leigu. En

fram að þeim tíma höfðu deildir sambandsins annast hagagöngu fyrir þá þar til þeir voru teknir á hús. Þegar hér var komið sögu var þetta fyrirkomulag að ganga sér til húðar og menn komu auga á að eitthvað yrði að gera í málinu. Það var Leópolð Jóhannesson sem vakti máls á þessu. Þá kom erindi frá formanni Landssambands hestamannafélaga með ósk um að rúm yrði gefið fyrir sýningu á hlíðniæfingum þýskra reiðkennara á fjórðungsmótinu 1971 sem var nýnæli hér á landi. Ennfremur uppástunga frá Marinó Jakobssyni Skáney að sýndir yrðu afkvæmahópar undan stóðhestum sem notaðir hefðu verið á sambandssvæðinu þó ekki væri um formlega afkvæmasýningu að ræða enda yrðu þessir hópar sýndir án þess að dómar færu fram á þeim og líktist þetta ræktunarbússýningum sem þekkjast í dag og voru teknar upp mörgum árum síðar. Báðum þessum atriðum var vísað til framkvæmdanefndar fjórðungsmótsins sem þá var búið að kjósa. Á þessum fundi gerðist það að Leifur Kr. Jóhannesson kvaddi sér hljóðs og ávarpaði Símon Teitsson og flutti honum þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu hestamanna í héraðinu og færði honum að gjöf hest frá samtökum hestamanna á Vesturlandi.

Á aðalfundi 22. apríl 1972 minntist formaður á fjórðungsmótið 1971 sem Hrs. V. var rekstraraðili að sem hefði tekist vel í alla staði og nefndi sérstaklega að þar hefðu verið sýndar 10 hryssur með afkvæmum og allar fengið I. verðlaun nema ein sem var með góð II. verðlaun og nefndi þetta sem tákni um það að ætla mætti að ör framför væri í hrossum í landshlutanum.

Þá upplýsti Þorkell Bjarnason hugmynd um stóðhestastöð B.F.Í og hafði málið fengið jákvæða afgreiðslu á Búnaðarþingi. Þá fór Þorkell lofsamlegum orðum um framkvæmd fjórðungsmótsins og benti mönnum á að þau hross sem stóðu efst í dómum hefðu flest komið úr hrossaræktinni með einum eða öðrum hætti.

Á aðalfundi 28. apríl 1973 sagði formaður Símon Teitsson frá að stjórnin hefði mótmælt framkomnu frumvarpi um útflutning á folöldum sem fram kom á Búnaðarþingi þá um veturinn. Þorkell Bjarnason varaði af gefnu tilefni við smæð margra kynbótahesta þó aldrei mætti fórná góðum kynbótahesti af þeim sökum, heldur hafa þetta í huga við val á kynbótahestum.

Á aðalfundi 27. apríl 1974 kom fram að stjórn Hrs. V. hefði mótmælt niðurfellingu tekjustofna sem nauðsynlegir eru til fjármögnunar á stóðhestakaupum



hrossaræktarsambandanna sem annars yrðu fluttir út. Stjórn Hrs. V. hafði tekið land á leigu til hagagöngu stóðhestanna þegar þeir kæmu úr notkun með fyrirvara um samþykkt aðalfundar. Leiguskilmálar þessir voru samþykktir einum rómi. Land þetta er í Miklaholt í Miklaholtshreppi.

Á stjórnarfundi 28. mars 1975 sagði formaður frá fundarboði um stofnfund félags stóðbænda sem væri boðaður 19. apríl 1975. Þessir menn voru kosnir til að mæta þar, Marinó Jakobsson Skáney, Guðmundur Pétursson Gullberastöðum og Gísli Höskuldsson Hofsstöðum.

Á aðalfundi laugardaginn 23. apríl 1977 kvaddi Leifur Kr. Jóhannesson sér hljóðs og ávarpaði Marinó Jakobsson og þakkaði honum vel unnin störf í þágu hrossaræktar og færði honum að gjöf myndir af 5 stóðhestum sem allir tengjast hans hrossarækt. En Marinó hætti í stjórn sambandsins árið áður, 1976 eftir setu í stjórn frá upphafi samtakanna 1964.

Árið 1975 var tekin í notkun geymslugirðing í Miklaholti í Miklaholtshreppi en 1981 var svo komið að hún þurfti allmikið viðhald og ákveðið að kosta ekki miklu til við viðhald á henni enda þótti hún nokkuð afskekkt, og ganga þurfti með hestana alllangan spöl þar sem ekki var hægt að keyra að henni, heldur freista þess að fá girðingu meira miðsvæðis. Þó fór svo að ráðist var í viðgerð á henni og hún notuð síðast 1986.

Um 1980 fór að bera á því að folaldaskýrslur skiluðu sér illa frá mörgum deildarformönnum, en skil þeirra í tæka tíð var forsenda þess að starfsstyrkur frá B.F.Í. yrði greiddur. Svo rammt kvað að þessu að á aðalfundi 7. maí 1983 taldi formaður Árni Guðmundsson Beigalda sig knúinn til að taka þetta upp í ársskýrslu sinni, orðrétt úr fundargerð: „mál Árna var langt og ítarlegt og e.t.v. biturt á köflum en hann gerði að niðurlagsorðum að hann treysti á samstöðu og félagshyggju starfinu til heilla.” Ári seinna eða 1984 kom fram tillaga um þetta sem sést í kaflanum þar sem fjallað er um þær tillögur sem fram hafa komið.

Útlit er á að félagsmenn hafi rifið sig upp úr þessum öldudal áhugleysis á þessum tíma.

Á aðalfundi 1983 sagði Þorkell Bjarnason að breytingar væru í aðsigi hvað varðar afkvæmarannsóknir, sem trúlega myndu leggjast niður í því formi sem þær hafa verið í nokkur ár. Fundarmenn sem til máls tóku um málið létu þá skoðun í ljós að eitthvað þyrfti að koma í staðinn, en aðalatriðið væri að vitneskja um kynbóttagildi stóðhestanna kæmi í ljós svo fljótt sem auðið væri.

Á þessum árum kom fram á fundi nokkur gagnrýni á stóðhestakost sambandsins og var þar fremstur í flokki Ólafur Kristjánsson Ólafsvík, og komu í hugann við þær umræður að mörgum árum áður hafði Símon Teitsson talað um á fundi að sjálfgagnrýni á hesta sambandsins væri góð innan hæfilegra marka. Vegna þessara umræðna kom fram í máli Þorkels Bjarnasonar, að samböndin ættu að kappkosta að eiga fáa en góða hesta og hafa samvinnu um notkun þeirra og tryggja sér aðgang að hinu besta með samstarfi sín á milli.

Árið 1984 var sótt um styrk til að koma upp girðingu til geymslu á ónotuðum stóðhestum sem kæmu úr notkun frá deildum sambandsins, einnig var á því svæði hægt að hafa hólf fyrir hryssur hjá stóðhesti í almennri notkun. Þetta var í landi Stóru-Fellsaxlar í Skilmannahreppi, Borg.

Á aðalfundi 14. apríl 1984 komu fram tilmæli um að varaformaður Hrs. V. væri boðaður og sæti stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar. Ólafur Kristjánsson Ólafsvík varaformaður sat flesta stjórnarfundum eftir þetta meðan hans naut við, þann fyrsta 22. janúar 1985. Efnislega úr þeirri stjórnarfundargerð. Í fundargerð þess stjórnarfundar kemur fram að Ólafur Kristjánsson ræddi um kynbótastarfið. Sagði að mikil óánægja væri með starfsemi sambandsins á Snæfellsnesi og lægi við að Hestamannafélagið Snæfellingur segði sig úr Hrs. V. og færu að því leyti í fótspor Dalamanna. Persónulega væri hann þó á móti því. Á þá sem voru í stjórn Hrs.V. kom þetta sem þruma úr heiðskýru lofti því allar meirihátta ákvarðanir sem teknar voru um stóðhestakaup og annað voru ávallt bornar undir aðalfund samtakanna til samþykktar eða synjunar.

Á stjórnarfundum 31. mars 1987 mætti Gunnar Örn Guðmundsson og fór fram á að fá einhvern af hestum Hrs. V. lánaðan til að nota næsta vor við sæðingar en þá var hann að fara til Þýskalands á mánaðarnámskeið í hrossasæðingum. Stjórn Hrs. V. vildi að sjálfsögðu styrkja þetta brautryðjandastarf að svo miklu leyti sem kostur var á og einhugur varð um að lána til þessa Ófeig 818 og þar með auka notkun á þeim ágæta



hesti og lána hann frá 5. júní það ár þangað til hann færi í girðingu en þó aldrei skemur en til 20. júní.

6. maí 1987 var samningsuppkast um leigu á landsspildu úr landi Stóru-Fellsaxlar lagt fyrir stjórnarfund. Stjórnin samþykkti samningsuppkastið með smávægilegum breytingum og Ólafi Sigurbjörnssyni falið fullt umboð til að undirrita hann fyrir hönd Hrs. V.

13. apríl 1987 lést Símon Teitsson 83 ára. Á aðalfundi 8. maí 1987 var hins merka forvígismanns minnst með þakklátum huga af formanni samtakanna Árna Guðmundssyni og hrossaræktarráðunaut Þorkeli Bjarnasyni en Símon hafði verið í stjórn Hrs. Borgarfjarðar frá 1958 til 1964 og Hrs. V. 1964-1975 og alltaf sem formaður nema fyrsta árið í stjórn Hrs. Borgarfjarðar og hefur hann setið lengst allra í stjórn þessara samtaka.

Þá var Gunnari Erni Guðmundssyni þökkuð brautryðjendastarf í hrossasæðingum einnig þeim Ingimar Sveinssyni Hvanneyri og Sigurbirni Björnssyni Lundum sem unnu að þessum málum af heilum hug.

Árið 1971 gerðist það að Einar E. Gíslason tók myndir af öllum kynbótahrossunum sem fram komu á fjórðungsmótinu og var samþykkt af stjórn sambandsins að því starfi yrði haldið áfram og eru til myndir af kynbótahrossum á nokkrum mótun. En 1988 var komin ný tækni til sögunnar því þá færði Birna Hauksdóttir Skáney Hrs. V. að gjöf myndbandsupptökur sem hún hafði tekið á fjórðungsmótinu 1988 og þeim myndatökum hefur hún sinnt síðan af miklum áhuga.

Á stjórnarfundum 20. janúar 1991 var rætt um að sanngjarnt væri að sambandið greiddi stjórnarmönnum fyrir ýmis störf svo sem móttöku hryssna í girðingu, umsjón með girðingum og eftirlit á hrossum þar. Ekki hafði áður verið greitt fyrir slík störf en útlagður kostnaður svo sem kílómetragjald fyrir bíl og annað þess háttar.

Árið 1992 á aðalfundi barst sambandinu gjöf frá fjölskyldunni í Skáney til minningar um Marinó Jakobsson, „Blesabókin”, svohljóðandi skipulagsskrá fylgdi samin af gefendum:

Skipulagsskrá fyrir Blesabókina

1. gr. Bókin heitir Blesabókin. Hún er gefin Hrossaræktarsambandi Vesturlands árið 1992 af fjölskyldunni á Skáney til minningar um Marinó Jakobsson bónda á Skáney.
2. Bókin er farandgripur og vinnst aldrei til eignar. Um hana skal keppa á fjórðungsmótum á Vesturlandi.
3. Bókin er heiðursverðlaun veitt því kynbótahrossi, sem hæstan dóm hlýtur fyrir byggingu hverju sinni.
4. Inn í bókina skal færa allar upplýsingar um hrossið, nafn, fæðingarstað, ætt, einkunnir og eiganda.
5. Bókin er í vörslu hvers vinnanda milli fjórðungsmóta. Gefendur vátryggja bókina gegn eldsvoða.

Skáney 1992

Vilborg Bjarnadóttir

Bjarni Marinósson og fjölskylda

Jakob Marinósson og fjölskylda

Þorsteinn Marinósson og fjölskylda

Var hún svo veitt í fyrsta sinn á fjórðungsmóti 1992 og hlaut þau verðlaun Þengill, 84157807 frá Hólum, eigandi Hrs. V.

1994 var ný tækni að ryðja sér til rúms, en það er sónarskoðun á hryssum um leið og þær voru teknar úr girðingu til að fá vitneskju umhvort þær hefðu fyljast eða ekki. Formaður kynnti þetta á fundi með deildarformönnum 20. nóv. 1994. Fór þessi starfsemi vaxandi þannig að nú árið 2004 er alltaf sónarskoðað úr girðingum og stundum tvisvar. Í fyrra sinnið eftir venjulegt tímabil hryssanna hjá graðhesti og þá teknar burtu þær hryssur sem fylfullar reynast til að létta á haglendi í girðingunum.

Á aðalfundi 1. maí 1992 kom fram í máli Þorkels Bjarnasonar að Stóðhestastöð ríkisins væri komin í nýtt og vandað húsnaði í Gunnarsholti, en nú væru uppi raddir um að einkavæða hana. Á aðalfundi 1. maí 1994 kom fram í máli Þorkels að starfsemi Stóðhestastöðvarinnar væri heldur að dragast saman og hestum að fækka. Á stjórnarfundum 8. febrúar 1995 var tekið fyrir bréf frá nefnd sem kosin

hafði verið til að gera tillögur um framtíð Stóðhestastöðvarinnar undirritað af Baldvini Kr. Baldvinssyni formanni nefndarinnar. Í bréfinu eru spurningar í 9 liðum og sumum þeirra skipt í A, B og C undirliði. Þessum spurningum hefur stjórn Hrs. V. svarað að því er séð verður með mikilli kostgæfni þar sem kemur fram skýr vilji stjórnarinnar að Stóðhestsstöðin haldi áfram í lítið breyttri mynd og það álit látið í ljósi að hún hafi á umliðnum árum verið snar þáttur í framförum á stóðhestaeign landsmanna. Upp úr þessu fóru að koma blikur á loft um framtíð hennar. Á stjórnarfundi 25.mars 1996 var staða hennar rædd og samþykkt áskorun um að Stóðhestastöðin starfi áfram í óbreyttri mynd.

Á stjórnarfundi 11. des. 1996 var ákveðið að láta 17 daga líða frá að stóðhestur er tekinn frá hryssum þar til sónarskoðun fer fram. Ennfremur að taka þátt í vestlenskum hestadögum í reiðhöll Gusts í Kópavogi í apríl 1997 með því að sýna eitthvað af stóðhestum sambandsins.

Á stjórnarfundi 6. júní 1997 var samþykkt að veita Skúla Kristjónssyni Svignaskarði viðurkenningu fyrir stjórnarstörf í þágu hrossaræktar á fjórðungsmótinu þá um sumarið.

Á aðalfundi 27. apríl 1997 var samþykkt að Hrs. V. veiti árlega verðlaun þremur efstu hrossunum í hvorum flokki sem sýnd voru á árinu í eigu heimamanna. Ekki voru verðlaunagripir eða peningaupphæð nefnd og virðist hugmyndin að ákvörðun um það sé tekin hverju sinni.

Eftir 1990 fór fram víða um land umræða um sameiningu ýmissa félagasamtaka hestamanna í landinu svo sem hagsmunasamtaka hestamanna og hrossaræktarsambandanna og Hrossaræktarsambandi Íslands og e.t.v. fleiri. Þessi mál voru rædd á Vesturlandi sem annars staðar og komu m.a. á dagkrá stjórnarfundar 18. mars 1997 en engin ákvörðun tekin. Aftur á dagskrá aðalfundar 27. apríl 1997 þar sem formaður í raun opnaði á umræðu um þessi mál í skýrslu sinni. Fundarmenn gáfu vitneskju um áhugaleysi á málinu með því að ræða það lítið.

Á stjórnarfundi 8.okt. 1997 sagði formaður Bjarni Marinósson frá tillögu um sameiningarferil Félags hrossabænda og Hrossaræktarsambands Íslands en þar kemur fram að hrossaræktarsamböndin sem ekki hafa sameinast, hefðu rétt á að senda 2 fulltrúa með málfrelsi en ekki atkvæðisrétti á fundi sem haldnir yrðu og fellur Hrs. V. undir þetta atriði.

Á stjórnarfundi 30.nóv 1997 segir formaður frá aðalfundi Félags hrossabænda og Hrossaræktarsambands Íslands 13. nóv. 1997 þar sem þessi samtök voru sameinuð og heita eftir það Félag hrossabænda. Síðan þetta gerðist í sameiningarmálum hefur nokkur umræða hjá Hrs. V. og Félags hrossabænda á Vesturlandi farið fram um sameiningu en ekkert gerst í því.

Á aðalfundi 4. apríl 2001 taldi formaður Bjarni Marinósson að stefna beri að því að halda fyljunartollum í lágmarki og verja til niðurgreiðslu á þeim hluta af tekjum sambandsins sem koma frá ríkinu í styrk út á skýrslufærð folöld. Þetta er stefna sem Hrs. V. hefur haft frá upphafi.

Á aðalfundi 1. maí 2003 kom fram að stjórn sambandsins ætti í viðræðum við eigendur að Borgum. (áður Haugum) í Stafholtstungum um leigu á landi undir stóðhestagirðingu.

Á stjórnarfundi 2. september kom fram að búið væri að girða nýja girðingu að Borgum og kynnt drög að samningi um hana og engar athugasemdir gerðar við sammingsdrögin.

Þá kom fram að nýbúið væri að endurnýja samning um stóðhestagirðinguna í Stóru-Fellsöxl til 31. des. 2008. Þá hafa á allra síðustu árum farið fram viðræður milli Hestamannafélagsins Skugga og Hrs. V. um byggingu reiðhalla í Borgarnesi þar sem Hrs. V. kæmi að málinu með stuðningi um fjárframlag sem svarar þeirri upphæð sem hægt væri að fá frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og með því skilyrði að Hrs. V. kæmi ekki að rekstri reiðhallarinnar.

4 Breytingar á aðildarfélögum (deildum)

Nokkrar breytingar hafa orðið á deildum sambandsins frá stofnun þess 31. okt. 1964. Sú fyrsta að hestamannafélagið Kinnskær í Austur-Barðastrandasýslu óskaði eftir að gerast deild í Hrs. V. í umboði Austur-Barðstrendinga en þeir höfðu ekki sinnt málum hrossaræktar a.m.k. ekki um árabíl.

Þessi beiðni var borin upp til samþykktar á aðalfundi laugardaginn 29. apríl 1967 og samþykkt einum rómi og lögum Hrossaræktarsambandsins breytt i samræmi við það og þeim bætt við á upptalningu á deildum þess í lögum sambandsins.

Hestamannafélagið Kinnskær hefur starfað síðan að málefnum Hrs. V.

Hestamannafélagið Glaður í Dalasýslu var eitt af stofnfélögum Hrs. V.

Árið 1975 var samþykkt víðtæk breyting á lögum Hrossaræktarsambands Vesturlands sem fól í sér meðal annars fjölgun stjórnarmanna úr þremur í fimm. Þá var kosinn í stjórnina Hallur Jónsson, Búðardal. Öll stjórnin var þá kosin til þriggja ára en menn dregnir út til stjórnarkjörs fyrsta og annað árið þar til skipan komst á í stjórnarkjörinu.

Árið 1976 var Hallur Jónsson dreginn út og endurkosinn í stjórnina til þriggja ára.

Á þessu ári fór að myndast áhugi á því í Dalasýslu að Búnaðarsambandið tæki að sér málefni hrossaræktarinnar þar og drægi sig úr samstarfinu við Hrs. V., sem varað hafði í 12 ár. Samt sem áður hélt Hallur áfram starfi sínu í stjórn Hrs. V. árið 1976 og sat sinn síðasta stjórnarfund 1. des. það ár. En 1977 eftir áramót sat varamaður hans Björn Jóhannesson Laugavöllum stjórnarfundina.

Stofnun Hrossaræktarsambands Dalamanna varð svo að veruleika með stofnfundi 22. apríl 1977. Samt sem áður sátu aðalfund Hrs. V. þann 23. apríl 1977 fulltrúar Hestamannafélagsins Glaðs þeir Hallur Jónsson Búðardal og Björn Þórðarson Blönduhlíð og svöruðu fyrirspurnum um hið nýstofnaða samband.

Nokkurs meiningamunar gætti með hvaða hætti viðskilnaður þeirra við Hrs. V. ætti að vera. Hestamannafélagið Glaður taldi sig eiga endurkröfu á stofnfjárframlagi sínu til Hrs. V. en stjórn Hrs. V. skildi lög sambandsins á þann veg að sá endurkröfuréttur væri ekki fyrir hendi þar sem ekkert væri í lögnum sem sagði svo. En aftur á móti var í lögnum á þessum tíma lagagrein sem fjallaði um hvernig með eignir sambandsins skyldi farið ef starfsemi þess legðist niður.

Þó ekkert stæði í lögum sambandsins um endurkröfurétt einstakra deilda sem vildu segja sig úr sambandinu um endurgreiðslu á stofnframlagi þeirra, fannst a.m.k. sumum stjórn mönnum í Hrs. V. það nokkuð ósannjarnt sérstaklega eftir svo stuttan samstarfstíma sem hér um ræðir, og vildu ekki brjóta allar brýr að baki sér í því efni, heldur bíða færís á að rættist úr þessum ágreiningi með niðurstöðu sem báðir aðiljar sættust á og yrðu sammála um.

Á aðalfundi 7. maí 1982 spurðist Friðgeir Friðjónsson frá Hofsstöðum um hvernig mál stæðu gagnvart úrsögn Hestamannafélagsins Glaðs úr Hrs. V. Vegna þeirrar fyrirspurnar var enn á ný farið yfir lög sambandsins og kannað með óyggjandi hætti hvort Hrossaræktarsamband Vesturlands væri að brjóta lög gagnvart Hestamannfélaginu Glað.

Í þessum málum gerðist ekkert fyrr en á árinu 1984. Þá var stóðhesturinn Ófeigur 818 frá Hvanneyri kominn í hóp eftirsóttustu stóðhesta landsins og um það barist að fá hann á leigu vítt um land. Þetta ár var komin röðin að Dalasýslu að fá hann til nota og var hann leigður þeim árið 1984 fyrir ákveðið gjald á hryssu sem til hans væri leidd sem var með því hæsta sem þá var talað um.

Þá talaðist svo til að allar tekjur sem öfluðust við komu Ófeigs 818 í Dalasýslu í það skipti rynnu til Hestamannafél. Glaðs.

Var þá að fullu frágenginn aðskilnaður Hmf. Glaðs og Hrs. V.

Hestamannafélagið Stormur á Vestfjörðum sótti um aðild af Hrs. V. 1996.

Umsóknin var kynnt á stjórnarfundum 25. mars 1996 og var málinu að sjálfsgöðu vísað til næsta aðalfundar.

Aðalfundurinn var haldinn 28. apríl 1996 og samþykkti hann umsóknina samhljóða.

Þar með var Hestamannafélagið Stormur orðin deild í Hrs. V. og annaðist öll málefni hrossaræktar á sínu félagssvæði.

Að síðustu gerist það í málefnum félagsdeilda Hrs. V. að hestamannafélagið Skuggi í Borgarnesi sótti um aðild að Hrs. V. sem samþykkt var á aðalfundi Hrs. V. 27. apríl 1999 og verið síðan deild í Hrs. V. um málefni hrossaræktar á félagssvæði sínu.

5 Breyttir tímar á notkun stóðhesta

Hrossaræktarsamband Vesturlands var stofnað með því meginmarkmiði að eiga og síðar að taka á leigu þá bestu stóðhesta sem völ var á á hverjum tíma og leigja þá til deilda sambandsins. Þetta var eina raunhæfa leiðin til að bændur og aðrir hrossaræktendur næðu því besta sem völ var á í þessu efni og þá hin félagslega lausn nærtækust. Síðan þá hefir orðið mikil breyting á rekstri stóðhestanna þó hin félagslega lausn ráði ennþá ferðinni.

Í upphafi voru stóðhestarnir einungis leigðir til deilda gegn því að viðkomandi deild sæi um hagagöngu og fóðrun á jafnmörgum hestum og hún tók á leigu en þeir gátu verið fleiri en einn hjá sumum stóðmörgum deildum. En ávallt þurfti stjórn Hrs. V. að samþykkja vetrarfóðrunarstað.

Fljótlega kom þó að því að stjórn sambandsins tók í sínar hendur að koma hestunum í fóður án afskipta sambandsdeildanna enda fóru þær þá að borga til sambandsins leigusjald sem svaraði fóðurkostnaði. Í kjölfar þeirrar breytingar fór sambandið að

leigja hestana fyrir ákveðið gjald sem var misjafnlega hátt eftir því hvað viðkomandi stóðhestur var eftirsóttur. En deildirnar ákváðu fyljunartolla til hrossaættenda og gat hann verið mismunandi hár vegna misvísandi aukakostnaðar við hestinn svo sem flutnings og viðhalds á girðingum o.fl.

Árið 1972 varð sú breyting á notkun stóðhestana að í fyrsta sinn var eignarhestur notaður til almennra nota innan sambandsins. Einhver málhagur maður fann upp á því um það leyti að kalla þá hesta allsherjarhesta og er sú málvenja enn við lýði en notkun orðsins ef til vill dalað í seinni tíð. Það voru stóðhestarnir Roði 453 frá Skörðugili, allsherjarnotkun í Svignaskarði eitt tímabil snemma sumars árið 1972 og Ófeigur 818 árið 1976 sem fyrstir voru notaðir í þeim tilgangi af eignarhestum sambandsins en tíu árum áður eða 1966 var leiguhesturinn Svipur 385 notaður til almennra nota á vegum sambandsins og staðsettur að Nýja-Bæ í Bæjarsveit.

Þó Hrs. V. hafi komið sér upp geymslugirðingu fyrir stóðhesta árið 1975 var ekki því að heilsa að hægt væri að vera þar með eftirsótta stóðhesta til allsherjarntokunar fyrir félagsmenn, bæði var, að aðsókn var mikil um að koma þar í geymslu stóðhestsefnum sem menn vonuðu að þeir ættu og einnig að á þessum árum átti sambandið eitthvað af hestum sem voru á biðlista eftir afkvæmadómum og menn ragir við að nota fyrr en sá dómur læggi fyrir, og svo hitt að stjórnin taldi ekki á það hættandi að skipta girðingunni vegna hættu á að stóðhestar kæmust hólfa á milli. Slík áhætta var ekki ásættanlegt hversu örugg sem milligirðingin væri.

Við þessar aðstæður tók stjórnin þá ákvörðun í fyrsta lagi að fá land á leigu áháð deildum vegna allsherjarhestanna, má þar nefna Staðarhraun í Hraunhreppi og Síðumúlaveggi í Hvítársíðu og ef til vill víðar og í öðru lagi að úthluta hinum eftirsóttu hestum í deildir með því skilyrði að sambandið hefði einhvern hlut til ráðstöfunar. Þessi hlutaskipti voru ekki alltaf þau sömu en deildirnar höfðu alltaf ráðstöfunarrétt á sínum hlut.

Árið 1987 var gengið frá leigusamningi til 15 ára á landi í Stóru-Fellsöxl í Skilmannahreppi Borg. til afnota fyrir Hrs. V. bæði, til að hafa þar einn eða jafnvel fleiri af þeim stóðhestum sem yrðu notaðir óháðir deildum (allsherjarhestum), og eins til hagagöngu fyrir ónotaða stóðhesta og á Borgum (áður Haugum) í Stafholtstungum leigusamningur til 6 ára frá 1. júní 2003. Þetta varð til mikilla bóta og hagræðis fyrir Hrs. V. Þegar árin liðu gerðist það að hlutur sambandsins í notkun stóðhestanna fór að stækka og allsherjarhestum að fjölga og nú er svo komið fyrir nokkru að útleiga til

deilda hefir lagst niður og formaður Hrs.V. tekur á móti öllum pöntunum á hryssum til stóðhestanna.

6 Haustfundir

Eftir að Ófeigur 818 frá Hvanneyri fékk mjög góðan kynbótadóm sem einstaklingur á landsmótinu á Vindheimamelum 1974 varð hann strax eftirsóttasti kynbótahestur sambandsins og áhugi fyrir honum jókst að miklum mun eftir mjög jákvæða afkvæmarannsókn á Tungulæk 1977. Þá fóru líka að berast óskir um notkun á honum frá öðrum hrossaræktarsamböndum. Á þeim tíma var alltaf mikil andstaða að leigja hnn út fyrir sambandssvæðið. Var andstaðan svo mikil að stjórnin taldi að tillaga um það á aðalfundum yrði felld.

Vorið 1981 var svo komið að ekki var undan því vikist að gefa hrossaræktarsamböndunum svör við umsóknum þeirra á Ófeig 818.

Á stjórnarfundi 10. maí 1981 komu til umræðu tvö mál sem þurfti að taka afstöðu til á næstu mánuðum a.m.k. áður en næsti aðalfundur yrði í apríl 1982. Í fyrsta lagi leiga á Ófeigi 818 til annarra sambanda en stjórnin hefði áður leigt hann til Hornafjarðar frá því eftir venjulega notkun sumarið 1976 og fóðraður þar næsta vetur, síðan húsnotkun vorið 1977 til 10. júní en fékk ámæli fyrir og vildi ekki lenda í sama hjólfarinu aftur, og í öðru lagi um kaup á Skó 823 frá Flatey að hálfu á móti Hrs. Suðurlands. Því ákvað stjórnin að boða til formannafundar í október eða nóvember 1981 og ef kostur væri á að fá hrossaræktarráðunaut Þorkel Bjarnason til að mæta á honum. Síðan var þessi formannafundur haldinn 15. nóv. 1981 þar sem allar deildir að tveimur undaskyldum sendu fulltrúa. Ennfremur sátu fundinn Þorkell Bjarnason og Þorvaldur Árnason. Á þessum fundi var samþykkt að leigja Ófeig 818 til annarra sambands þó þannig að hann yrði notaður eitt gangmál árlega á heimaslóðum og fá í staðinn þá bestu hesta sem völ var á. Ennfremur voru samþykkt kaupin á Skó 823 að hálfu á móti Hrs. Suðurlands.

Ástæðan fyrir að aðdraganda að þessum merka fundi eru gerð svona góð skil eru þau að þetta var fyrsti formannafundurinn sem haldinn var hjá Hrs. V. Þrettán árum



seinna eða 30. nóv. 1994 var haldinn formannafundur eða haustfundur og hafa þeir verið haldnir árlega síðan.

Á aðalfundi Hrs. V. 27. apríl 1997 var samþykkt að Hrs. V. veitti árlega þrenn verðlaun efstu kynbótahrossunum á Vesturlandi í hvorum flokki í eigu heimamanna. Eftir þetta fer verðlaunaafhending þessi alltaf fram á haustfundunum og þar með fengu þeir nýtt hlutverk sem ekki var til áður.

7 Stofnun Hrossaræktarsambands Íslands

Þann 24. apríl 1971 var stofnfundur Hrossaræktarsambands Íslands haldinn í Borgarnesi í boði Hrs. V. Segja má að Borgfirðingar eða Vestlendingar hafi tekið virkan þátt í að koma þeim samtökum á. Þorkell Bjarnason, Guðmundur Pétursson Gullberastöðum og Leifur Jóhannesson Stykkishólmi höfðu fyrir stofnfundinn samið uppkast að samþykktum fyrir væntanlegt landssamband hrossaræktarsambandanna og var það lagauppkast samþykkt án breytinga og athugasemda með öllum greiddum atkvæðum á stofnfundi samtakanna. Samtökin sem hlutu nafnið Hrossaræktarsamband Ísland hafa starfað síðan með þeim hætti að hrossaræktarsamböndin sem mynda landssamtökin skiptast á að hafa stjórn landsambandsins með höndum eitt ár í senn og gengur starfið réttisælis í kringum landið og tekur hvert samband upp starfið að nýju þegar hringnum um landið er náð. Þessi tilhögun var tekin upp strax og hélst þar til Félag hrossabænda og Hrossaræktarsamband Íslands voru sameinuð á aðalfundi þessara samtaka 13. nóv. 1997 og hlutu nafnið Félag hrossabænda. Þar sem Hrs. V. og Félag hrossabænda á Vesturlandi hafa ekki enn sameinast hafa Vestlendingar aðeins rétt á að senda tvo fulltrúa á aðalfund þessara samtaka með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

8 Stjórn og endurskoðendur

Í upphafi var sagt frá Hrs. Borgarfjarðar sem var undanfari Hrs. V. og þar nefndir þeir menn sem komu við sögu þar á meðal þeir sem voru í stjórn Hrs. Borgarfj. Ekki er ástæða til að endurtaka það í þessum þætti heldur verða nefndir einungis þeir menn sem setið hafa í stjórn Hrs. V. frá upphafi ásamt endurskoðendum.

Formenn Hrs. V. hafa verið þessir:

Símon Teitsson, Borgarnesi 1964-1975

Árni Guðmundsson, Beigalda 1975-1987

Guðmundur Sigurðsson, Hvanneyri 1987-1993

Bjarni Marinósson, Skáney 1993-

Gjaldkerar hafa verið:

Leifur Kr. Jóhannesson, Stykkishólmi 1964-1977

Ólafur Sigurbjörnsson, Akranesi 1977-1991

Marteinn Njálsson, Vestri-Leirárgörðum 1991-2002

Gísli Guðmundsson, Grundarfirði, 2002-

Ritarar hafa verið:

Marinó Jakobsson, Skáney 1964-1976

Skúli Kristjónsson, Svignaskarði 1976-1979

Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum 1979-1989

Tryggvi Gunnarsson, Brimilsvöllum 1989-1996

Gísli Guðmundsson, Grundarfirði 1996-2002

Guðlaugur Antonsson, Hvanneyri 2002-

Árið 1975 voru fyrst kosnir meðstjórnendur samkvæmt breytingum á lögum um fjölgun stjórnarmanna úr þremur í fimm.

Meðstjórnendur:

Ólafur Sigurbjörnsson, Akranesi 1975-1977

Hallur Jónsson, Búðardal 1975-1976



Hann starfaði til ársloka 1976 en þá um áramótin tók Björn Jóhannesson, Laugavöllum við, fyrst sem varamaður til næsta aðalfundar.

Björn Jóhannesson, Laugavöllum 1977-1982

Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum 1977-1979

Skúli Kristjánsson, Svignaskarði 1979-1993

Gísli Höskuldsson, Hofsstöðum 1982-1994

Gísli Gíslason, Stangarholti 1994-2000

Guðlaugur Antonsson, Hvanneyri 2000-2002

Ingibergur Jónsson, Akranesi 2002-

Varaformenn:

Einar E. Gíslason, Hesti 1964-1974

Árni Guðmundsson, Beigalda 1974-1975

Láðst hafði að kjósa varaformann á aðalfundi 1975

Ólafur Kristjánsson, Ólafsvík 1976-1992

Árið 1992 var sú breyting gerð á lögum sambandsins að varaformaður skyldi sitja í aðalstjórn. Eftir það er einn meðstjórnandi.

Varaformenn sem setið hafa í aðastjórn:

Marteinn Njálsson, Vestri-Leirárgörðum 1992-1993

Skúli Kristjánsson, Svignaskarði 1993-1997

Sigbjörn Björnsson, Lundum 1997-

Varagjaldkerar:

Björn Jóhannesson, Laugavöllum 1964-1968

Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum 1968-1977

Jósep Rósinkarsson, Fjarðarhorni 1977-1980

Jón Sigurðsson, Skipanesi 1980 –1989

Marteinn Njálsson, Vestri-Leirárgörðum 1989-1991

Helgi Bergþórsson, Súlunesi 1991-1992

Vararitarar:

Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum 1964-1969

Björn Jóhannesson, Laugavöllum 1968-1977



Jósep Rósinkarsson, Fjarðarhorni 1980-1986
Þorvaldur Guðnason, Skarði Lund. 1986-1989
Gústav Ívarsson 1989-1992

Eftir lagabreytingar 1992 urðu varamenn þrír og enginn sérstakur varamaður aðalmanns.

Varamedstjórnendur:

Skúli Kristjónsson, Svignaskarði 1975-1976
Jósep Rósinkarsson, Fjarðarhorni 1975-1977
Ágúst Oddsson, Akranesi 1975- ?
Bjarni Marinósson, Skáney 1976 - ?
Gísli Höskuldsson, Hofsstöðum 1979-1982
Sigurður Halldórsson, Krossi 1979-1985
Guðmundur Sigurðsson, Hvanneyri 1985-1987

Varastjórn:

Gísli Gíslason, Stangarholti 1993-1994
Gústaf Ívarsson 1994-1996
Sigurður Oddur Ragnarsson, Oddsstöðum 1994-1996
Sigurður Halldórsson, Krossi 1994-
Georg J. Jónsson, Kjörseyri 1976-
Ingibergur Jónsson, Akranesi 1996-2002
Smári Njálsson, Akranesi 2002-

Vegna breytinga á lögum sambandsins árið 1975 skipti stjórnin með sér verkum á næstu stjórnarfundum eftir aðalfundi.

Stundum hefur láðst að skipta verkum með varastjórninni. Því er það að skipting á varastjórninni er ónákvæmt á árunum 1975-1992 þegar kosningareglur eru færðar í betra horf.

En mestu máli skiptir að vitað er um alla sem kosnir voru, en sumstaðar óljós verkaskipti þeirra á milli.

Endurskoðendur:



Friðgeir Friðjónsson frá Hofsstöðum 1964-1994

Árni Guðmundsson, Beigalda 1964-1974

Skjöldur Stefánsson, Búðardal 1974-1978

Leópoll Jóhannesson, Hreðavatnsskála 1978-1987

Sveinn Finnsson, Eskiholti 1987-

Jóhann Oddsson, Steinum 1994-

Varaendurskoðendur:

Andrés Jóhannesson 1964-1971

Ragnar Jónatansson 1964-1971

Skúli Kristjónsson, Svignaskarði 1971-1974

Hjörleifur Guðmundsson, Heggstöðum 1971-1974

Helgi Finnbogason, Gerðubergi 1974-1976

Leópoll Jóhannesson, Hreðavatnsskála 1974-1978

Gísli Höskuldsson, Hofsstöðum 1976-1979

Sveinn Finnsson, Eskiholti 1979-1987

Frá 1979 til 1987 var kosinn einn varaendurskoðandi.

Jóhann Oddsson, Steinum 1987-1994

Bjarni Marinósson, Skáney 1987-1993

Gunnar Örn Guðmundsson, Hvanneyri 1993-

Ingimar Sveinsson, Hvanneyri 1994-

Í 10 gr. laga sambandsins sem samþykkt voru á stofnfundi 31. okt. 1964 segir, að kjósa eigi einn af búfjárræktarráðunautum á sambandssvæðinu með tillögurétti og neitunarvaldi til jafns við stjórnina um allt er varðar stóðhestakaup. Alltaf var Guðmundur Pétursson Gullberastöðum, búfjárræktarráðunautur Búnaðarsambands Borgarfjarðar á þessum árum kosinn til þessa starfs. Árið 1975 baðst Guðmundur undan endurkosningu vegna aðstæðna sem skapast höfðu og annars staðar er sagt frá. Ekki var kosið í hans stað, enda upplýst á fundinum að önnur hrossaræktarsambönd hefðu ekki ráðunaut á sínum snærum.

Þegar samantekt um stjórnir og endurskoðendur hrossaræktarsambandanna tveggja er athuguð á samtals 50 ára starfsferli þeirra kemur í ljós ýmislegt forvitnilegt og

óvenjulegt sem trúlega er einsdæmi. Bent skal á tvennt. Hið fyrra er að aldrei hefur kona verið í stjórn eða öðrum trúnaðarstörfum hjá þessum samtökum. Í öðru lagi hvað menn hafa setið lengi að störfum, t.d. Friðgeir Friðjónsson sem var endurskoðandi reikninga sambandsins í 30 ár og var fundarstjóri svo að segja allra aðalfunda frá 1975 til 1994 eða meðan hans naut við.

Sveinn Finnsson er búinn að vera vara- og aðalendurskoðandi í samtals 25 ár og er enn endurskoðandi. Þessi tvö dæmi eru tekin af handahófi og margir hafa starfað lengur. Ég læt lesendur um að athuga þetta nánar, hver fyrir sig.

9 Fjárhagur

Í þessum kafla verða birtar niðurstöðutölur ársreikninga sambandsins í þeim tilgangi að lesendur sjái hvernig Hrs. V. hefur staðið fjárhagslega á hverjum tíma.

1965

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	27.780.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	1.894.00
Tekjuafgangur hestakaupasjóðs	kr.	64.254.81
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	178.048.59

1966

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	28.232.98
Tekjuafgangur	kr.	19689.48
Niðurstöðutölur hestakaupasjóðs	kr.	75.264.00
Tekjuafgangur hestakaupasjóðs	kr.	40.981.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	234.719.05

1967

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	28.641.20
Tekjuafgangur	kr.	13.347.95
Niðurstöðutölur hestakaupasjóðs	kr.	73.246.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	320.313.00

1968

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	44.116.15
-----------------------------------	-----	-----------



Rekstrarhalli	kr.	15.391.15
Niðurstöðutölur hestakaupasjóðs	kr.	88.354.56
Tekjuafgangur hestakaupasjóðs	kr.	46.603.56
Niðurstöðutölur tamningastöðvar	kr.	423.933.30
Halli tamningastöðvar	kr.	5.983.33
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	351.525.07
Þar af útistandandi	kr.	51.900.00

Um áramót 1968-1969 er að sjá að hestakaupasjóðsreikningur, sem fjármagnaði stóðhestakaup til þess tíma hafi verið lagður niður og stóðhestakaup fjármögnuð af rekstrarreikningi eftir það. Þó í fundargerðum séu árlega birtar niðurstöðutölur ársreikninga er þar ekkert skráð um þessar breytingar á reikningshaldinu. Sjóða- og höfuðbækur Hrs. V. eru glataðar frá þessum tíma en þar er ef til vill að finna skýringar á þessum breytingum reikningshaldsins.

1969

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	102.873.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	15.412.2
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	366.937.27

1970

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	153.431.40
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	42.793.40
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	402.730.67

1971

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	1.220.754.70
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	278.306.80
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	689.916.47
Þar af útistandandi	kr.	113.595.00

1972

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	903.152.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	104.535.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	816.646.07

1973

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	1.432.932.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	209.566.25
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	997.144.32

1974

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	501.238.58
-----------------------------------	-----	------------



Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	217.334.55
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	1.232.566.87
1975		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	983.563.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	293.754.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	1.624.575.00
1976		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	1.168.447.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	226.736.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	1.754.654.00
1977		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	1.817.529.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	122.118.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	1.915.180.00
1978		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	2.858.371.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	484.334.00
Eign samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	2.510.800.00
1979		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	3.341.327.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	1.537.679.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	4.272.085.00
1980		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	2.998.918.00
Gjöld umfram tekjur	kr.	-1.110.392.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	10.261.290.00
1981		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	73.578.00
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	31.911.47
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	172.538.21
1982		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	105.114.11
Tekjuafgangur rekstrareiknings	kr.	59.727.46
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	216.196.60

	1983		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	154.665.80
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	74.148.15
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	308.286.15
	1984		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	296.999.14
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	90.442.99
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	394.417.14
	1985		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	489.771.07
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	172.972.07
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	617.139.71
	1986		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	874.751.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	546.431.81
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	1.278.696.52
	1987		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	646.350.95
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	350.819.95
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	1.603.391.47
	1988		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	1.008.870.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	471.824.58
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	2.802.466.05
	1989		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	1.901.255.47
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	1.045.682.07
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	6.207.648.12
	1990		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	2.970.411.07
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	1.537.942.67
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	7.713.207.79

	1991		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	3.264.526.14
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	1.132.424.93
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	10.338.603.72
	1992		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	3.492.872.73
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	2.136.975.93
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	9.701.435.65
	1993		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	3.880.562.82
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	2.443.193.82
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	12.664.655.02
	1994		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	4.138.971.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	2.774.420.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	13.853.291.00
	1995		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	3.986.393.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	2.403.564.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	16.189.865.00
	1996		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	3.914.847.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	2.833.414.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	18.859.615.00
	1997		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	4.296.317.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings		kr.	1.568.522.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	20.874.559.00
	1998		
Niðurstöðutölur rekstrarreiknings		kr.	4.829.253.00
Tap rekstrarreiknings		kr.	1.968.243.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi		kr.	19.354.416.00

1999

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	4.041.754.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	2.343.418.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	21.232.191.00

2000

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	2.845.097.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	1.014.109.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	20.442.965.00

2001

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	3.775.543.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	- 1.328.784.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	22.988.737.00

2002

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	4.138.152.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	631.570.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	23.382.962.00

2003

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	3.765.110.00
Tap rekstrarreiknings	kr.	64.262.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	22.709.188.00

2004

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings	kr.	3.997.114.00
Tekjuafgangur rekstrarreiknings	kr.	824.925.00
Eignir samkvæmt efnahagsreikningi	kr.	19.098.800.00

Þó ekki sé farið út í nákvæmara yfirlit á reikningum og fjármálum Hrs. V. vona ég að þeir sem hafa áhuga á fjárhagslegri afkomu Hrs. V. í gegnum árin, muni fá spurningum sínum að nokkru svarað með þessu yfirliti. Við lok þessa tímabils sem spannar 40 ára sögu þess frá 31. okt. 1964 til 31. okt. 2004 er rétt að geta þess að handbært fé samtakanna er kr. 5.499.149.00 sem hlýtur að teljast gott hjá félagi sem velti ekki meiri fjármunum en hér um ræðir.

Hrs. V. var, sem öðrum hrossaræktarsamböndum þröngur stakkur skorinn til stóðhestakaupa vegna fjárhagastöðu þeirra þar til stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins var stofnaður. Þó ekki hafi allir verið sammála um þau markmið sem sett voru til fjármögnunar hans, þá bætti hann úr fjármagnspörf hrossaræktarsambandanna og eftir að hann kom til sögunnar hafa þau aldrei þurft að verða af stóðhestakaupum vegna fjárskorts.

10 Lög og reglur

Á stofnfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands (Hrs.V.) laugardaginn 31. okt. 1964 var lagt fram frumvarp að lögum fyrir sambandið. Ekki sést í fundargerð hver samdi það, en það var lagt fram af formanni Hrossaræktarsambands Borgarfjarðar, Símoni Teitssyni, sem setti stofnfundinn og stjórnaði honum. Á fundinum var kosinn starfsnefnd og fundarhlé gefið meðan hún fór yfir frumvarpið. Ekki er ástæða til að fara nánar út í það í þessum kafla þar sem stofnfundargerðin ásamt lögnum er birt orðrétt annars staðar í samantekt þessari, sjá kafla I bls.....

Á fyrsta aðalfundi Hrs.V. rúmi ári eftir stofnfund eða þann 5. des. 1965 kom fram í ræðu formanns, Símonar Teitssonar, að láðst hefði að festa í lög sambandsins á hvaða tíma ársins væri best að halda aðalfundina. Þess vegna lagði hann fram breytingartillögu við 9. gr. laganna á þann veg að milli orðann halda og hefur í fyrstu málgrein 9. greinar komi orðin „í apríl ár hvert” en sleppa orðinu „árlega” í staðinn. Þessi breytingartillaga var samþykkt. Eftir breytinguna er 1. málsgrein 9. greinar svohljóðandi: „Aðalfund skal halda í apríl ár hvert og hefur hann æðsta vald í öllum málefnum sambandsins.”

Á aðalfundi laugardaginn 29. apríl 1967 var gerð sú breyting á lögum sambandsins að í 1. gr. bætist Austur-Barðastrandasýsla við í upptalningu á deildum sambandsins. Frá þeim tíma voru Austur-Barðstrendingar fullgildir í Hrs.V.

Á aðalfundi laugardaginn 26. apríl 1975 voru í fyrsta sinn frá aðalfundi 29. apríl 1967 gerðar breytingar á lögum Hrs.V. Allmiklar umræður urðu um breytingartillögunar sem fólu í sér að fjölga mönnum í stjórn úr þremur í fimm en það er ákvæði í 8. gr. og um breyttar reglur um kjör fulltrúa á aðalfund sem er í 6. grein.

Breyting á 6. gr. laganna er svohljóðandi: Í stað orðanna „hver deild hefur tvö atkvæði á aðalfundi” komi „hver deild hefur tvö atkvæði á aðalfundi, en félög sem hrossarækt sinna og hafa hana á stefnuskrá tvö atkvæði fyrir hverja byrjaða félagsmenn og síðan eitt atkvæði fyrir hverja 20 félagsmenn eða brot” Samþykkt með 16 atkvæðum gegn 5.

8. grein orðist svo: „Sambandinu stýrir fimm manna stjórn, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur og jafnmargir til vara. Fyrst sé kosinn öll stjórnin en eftir það séu kosnir tveir menn til þriggja ára eftir hlutkesti 2. og 3. árið. Endurskoðendur skulu vera tveir og jafnmargir til vara kosnir árlega. Kosningar skulu vera skriflegar og ræður afl akvæða úrslitum. Kjörgengir í stjórn sambandsins eru meðlimir allra félaga sem standa að sambandinu. Kjósa má endurskoðendur opinberlega ef mótmælum er ekki hreyft.” Samþykkt samhljóða.

Ekki þykir ástæða til að birta lögín hér í heild en áhugasamir geta borið breytingarnar á 6. og 8. gr saman við lögín sem í heild eru birt með stofnfundargerð í ritinu.

Það gætti nokkurrar óánægju meðal fundarmanna á breytingartillögu 6. greinarinnar um fjölda fulltrúa á aðalfund.

Þess vegna gerðist það á stjórnarfundum í Stykkishólmi 19. apríl 1976 að Leifi Kr. Jóhannessyni var falið að fara yfir gildandi lög og gera tillögur um breytingar á þeim fyrir næsta aðalfund ef unnt væri og leggja fram heildstætt frumvarp að lögum sambandsins og auglýsa það í fundarboði.

Þetta tókst og á aðalfundi laugardaginn 8. maí 1976 var Leifur Kr. Jóhannesson tilbúinn með lagafrumvarp sem hann lagði fram á fundinum og hafði framsögu á.

Eftir nokkrar umræður var kosinn nefnd til að fara yfir lagabreytingarnar í frumvarpinu. Í henni voru: Leifur Kr. Jóhannesson, Skúli Kristjánsson, Ólafur Sigurbjörnsson og Sigurður Halldórsson. Gefið var fundarhlé meðan nefndin starfaði. Eftir fundarhlé las Leifur Kr. lagafrumvarp það sem hann hafði breytt



og samið upp úr gildandi lögum sambandsins og fundarnefndin hafði yfirfarið og samþykkt að leggja fyrir fundinn. Á fáum dögum tókst Leifi Kr. Jóhannessyni að gera tillögur um breytingar á lögum sambandsins sem allir sættu sig við og lögin samþykkt með meginþorra fundarmanna án mótakvæða. Lögin sem þá tóku gildi eru svohljóðandi:

„Lög Hrossaræktarsambands Vesturlands

1. gr.

Félagið heitir Hrossaræktarsamband Vesturlands og starfar samkvæmt gildandi búfjárræktarlögum. Félagssvæðið er Vesturlandskjördæmi svo og Strandasýsla og Austur-Barðastrandasýsla, nema Dalasýsla.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur.

2. gr.

Sambandið starfar í deildum og á hver deild, sem svarar verði eins stóðhests í sambandsstjóði.

Sambandið skal sjá hverri deild fyrir einum stóðhesti eða fleiri yfir sumarið, en hver deild skal sjá um framfæri jafnargra hesta árlangt og hún notar. Skal sú deild, sem engan hest notar eða fóðrar greiða til Sambandsins upphæð sem svarar fóstri eins hests að mati Sambandsstjórnar.

Hestunum skal ráðstafað í fóður í samráði við stjórn Sambandsins.

3. gr.

Markmið Sambandsins er að efla hrossarækt á félagssvæðinu.

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:

1. Vinna að því, að gera hrossin verðmeiri með kynbótum, hagselldara uppeldi og tamningu, m.a. með því að eiga jafnan sem best úrval stóðhesta til notkunar fyrir félagsmenn eða útvega þá á leigu. Lögð sé áhersla á, að allir stóðhestar Sambandsins verði afkvæmaprófaðir svo fljótt sem afkvæmi þeirra ná tamningaldri. Aðeins verði notaðir áfram þeir hestar, sem hafa hlotið góðan dóm fyrir afkvæmi að mati hrossaræktarráðunautar Búnarfél. Íslands og stjórnar sambandsins.
2. Styðja að hvers konar viðleitni til markaðsöflunar innanlands og utan.
3. Vinna að því, að glæða áhuga almennings fyrir hrossarækt og hestamennsku með því, að stuðla að skipulagningu hestamóta



víðsvegar á sambandssvæðinu og gera þau að viðburðardegi fyrir alla þá, sem hestum unna, enda verði leitast við að sína og kynna fólki sem flesta af eiginleikum hins fjölhæfa íslenska hests.

4. Stuðla að því, að ungt fólk geti notið tilsagnar um tamningu og meðferð hesta.

4. gr.

Sambandið vill beita sér fyrir því, að athuganir fari fram árlega á tveggja vetra stóðhestum og skapa aðstöðu til þess, að líklegustu folarnir verði ógeltir til þriggja vetra aldurs eða lengur, enda verði þá endurnýjað mat á þeim og skorið úr um hverjir þeirra teljast hæfir til kynbóta.

5. gr.

Stofngjald hvernar deildar skal miðað við verð á góðum stóðhesti eins og það er á hverjum tíma og ákveðst á aðalfundi. Stofnsjóðsgjaldið er óafturkræft framlag meðan Sambandið starfar, en leysist það upp verður farið með eignir þess samkvæmt búfjárræktarlögum.

6. gr.

Aðilar að Sambandinu eru hinar ýmsu deildir sbr. gildandi búfjárræktarlög svo og félagsheildir, enda hafa þær sömu réttindi og skyldur og aðrar deildir.

Í kynbótanefnd hvernar deildar eru þrír menn og eru þeir sjálfkjörnir fulltrúar á aðalfund Sambandsins með fullum réttindum.

Félög eða félagsheildir, þar sem deildir starfa ekki, en hafa hrossarækt á stefnuskrá og sinna henni hafa tvö atkvæði fyrir fyrstu 20 félagi, en síðan eitt atkvæði fyrir hverja 30 félagi eða brot, en þó aldrei fleiri en fjögur atkvæði fyrir fyrsta notaðan viðurkenndan stóðhest, en síðan 2 atkvæði fyrir hvern hest umfram einn á félagssvæðinu.

7. gr.

Árlegar tekjur Sambandsins eru:

1. Framlög samkvæmt búfjárræktarlögum
2. Verð seldra stóðhesta
3. Skaðabætur vegna vanhalda á tryggðum stóðhestum
4. Vextir af sjóðum og fleira

8. gr.



Sambandinu stýrir fimm manna stjórn, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur og jafnmargir til vara. Fyrst sé öll stjórnin kosin, en eftir það séu kosnir tveir menn til þriggja ára eftir hlutkesti 2. og 3. árið. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurskoðendur skulu vera tveir og jafnmargir til vara, kosnir árlega.

Kosningar skulu vera skriflegar og ræður afl atkvæða úrslitum.

Kjörgengir í stjórn Sambandsins eru félagar allra deilda og félaga, sem standa að Sambandinu. Kjósa má endurskoðendur opinberlega, ef mótmælum er ekki hreyft.

9. gr.

Aðalfund skal halda árlega í apríl til júní og boða skal til hans með viku fyrirvara. Hann hefur æðsta vald í öllum málum Sambandsins.

Verkefni hans eru:

1. Skýrslur Sambandsstjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
3. Stjórnarkosningar
4. Önnur mál

10 gr.

Lögum þessum má eigi breyta, nema á aðalfundi Sambandsins og þarf $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða fundarmanna til þess, að breytingar taki gildi og skal boða lagabreytingu í fundarboði. Fundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Framanrituð lög samþykkt á aðalfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands árið 1976. 8. maí.”

Á aðalfundi 3. maí 1991 kom fram í skýrslu formanns, Guðmundar Sigurðssonar, nauðsyn á að endurskoða lög sambandsins en það hefði ekki verið gert síðan árið 1975-1976. Ekki kemur fram í fundargerð hverjir hafa unnið að endurskoðun laganna en á aðalfundi 1. maí 1992 segir orðrétt úr fundargerð: „Árni Guðmundsson Beigalda hafði framsögu um breytingar á lögum Sambandsins. Breytingar þessar þóttu tímabærar og fengu góðan hljómgrunn fundarmanna”. Breytingartillögum var útbítt meðal fundarmann á þingskjali en þær voru víðtækar og snertu margar greinar laganna. Breytingartillögurnar eru ekki skráðar í gerðabók einar og sér, en lögin eru svo breytt færð inn í

gerðabók og verða menn að bera saman lagatextanna til að sjá í hverju þær eru fólgnar.

Lög sambandsins sem voru samþykkt 1. maí 1992 eru svohljóðandi:

„Lög Hrossaræktarsambands Vesturlands

1. grein.

Félagið heitir Hrossaræktarsamband Vesturlands og starfar samkvæmt gildandi búfjárræktarlögum. Félagssvæðið er Vesturlandskjördæmi að undanskylinni Dalasýslu. Auk þess Strandasýsla og Austur-Barðastrandasýsla. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur.

2. grein.

Sambandið starfar í deildum.

Sambandið skal sjá hverri deild fyrir einum stóðhesti eða fleirum yfir sumarið, enda liggi fyrir umsókn frá viðkomandi deild fyrir tilsettan tíma. Deildin ábyrgist lágmarksnýtingu á hesti í samráði við stjórn.

3. grein.

Markmið Sambandsins er að efla hrossarækt á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst Sambandið ná með að gera hrossin verðmætari með kynbótum, hagfeldara uppeldi og tamningu m.a. með því að eiga jafnan sem best úrval stóðhesta til notkunar fyrir félagsmenn eða útvega þá á leigu.

4. grein.

Sambandið vill beita sér fyrir því að athugun fari fram árlega á tveggja vetra stóðhestum og skapa aðstöðu til þess, að líklegustu folarnir verði ógeltir til þriggja vetra aldurs eða lengur enda verði þá endurnýjað mat á þeim og skorið úr um það hverjir þeirra teljist hæfir til kynbóta.

5. grein.

Aðilar að Sambandinu eru hinar ýmsu deildir sbr. gildandi búfjárræktarlög svo og félagsheildir, enda hafi þær sömu réttindi og skyldur og aðrar deildir. Í kynbótanefnd hversrar deildar eru þrír menn og eru þeir sjálfkjörnir fulltrúar á aðalfund Sambandsins með fullum réttindum.

Félög eða félagsheildir, þar sem deildir starfa ekki, en hafa hrossarækt á stefnuskrá og sinna henni, hafa tvö atkvæði fyrir fyrstu 20 félagana, en síðan eitt atkvæði fyrir hverja 30 féлага eða brot, en þó aldrei fleiri en fjögur atkvæði.

6. grein.

Stofnun nýrra deilda er háð samþykki aðalfundar, fullnægi hún gildandi búfjárræktarlögum.

7. grein.

Árlegar tekjur Sambandsins eru:

1. Tekjur af stóðhestum
2. Framlög samkvæmt búfjárræktarlögum
3. Verð seldra stóðhesta
4. Skaðabætur vegna vanhalda á tryggðum stóðhestum
5. Vextir af sjóðum og fleira

8. grein.

Sambandinu stýrir fimm manna stjórn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár, annað árið er formaður og varaformaður kosnir, en hitt árið þrjú meðstjórnendur sem skipta með sér verkum. Varamenn eru þrjú og kosnir árlega.

Endurskoðendur skulu vera tveir og jafn margir til vara, kostnir árlega.

Kosningar skulu vera skriflegar og ræður afl atkvæða úrslitum.

Kjörgengir í stjórn Sambandsins eru félagar allra deilda og félaga, sem standa að Sambandinu.

Kjósa má endurskoðendur opinberlega ef mótmælum er ekki hreyft.

9. grein.

Aðalfund skal halda árlega í apríl til júní og boða skal til hans með viku fyrirvara. Hann hefur æðsta vald í öllum málum Sambandsins.

Verkefni hans eru:

1. Skýrslur Sambandsstjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
3. Stjórnarkosningar
4. Önnur mál.

10. grein.

Lögum þessum má eigi breyta nema á aðalfundi Sambandsins og þarf $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða fundarmanna til þess að breyting taki gildi og skal boða lagabreytingu í fundarboði. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.



Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 1992 skulu tveir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára.

Lög þessi öðlast þegar gildi.”

Enda þótt ekki hafi verið liðin nema 3 ár frá endurskoðun laga Hrs.V. taldi aðalfundur Hrs.V. 23. apríl 1995 nauðsyn á að endurskoða löginn og gera tillögur þar um fyrir næsta aðalfund. Í nefnd til þess verkefnis voru kosnir: Bjarni Marinósson Skáney, Skúli Kristjánsson Svignaskarði og Guðmundur Sigurðsson Hvanneyri.

Á stjórnarfundum 24. apríl 1995 var rætt um hvort ekki væri hyggilegt að sameina deildir Sambandsins ef það mætti verða til þess að stuðla að betra nýtingarhlutfalli stóðhestanna og óskað eftir því að sú nefnd sem kosin var á aðalfundi til að endurskoða lög Sambandsins hugi að þessum þætti. Ekki er að sjá að laganeftir hafi orðið við þessum tilmælum stjórnarinnar.

Á aðalfundi Hrs.V. sunnudaginn 28. apríl 1996 var 5. mál á dagskrá lagabreytingar. Orðrétt úr fundargerð: „Guðmundur Sigurðsson hafði orð fyrir nefndinni lagði fram lagafrumvarpið og fór yfir einstakar greinar þess lið fyrir lið. Nokkra umræður um lagafrumvarpið, en þessir tóku til máls: Marteinn Njálsson, Sæmundur Kristjánsson, Guðmundur Sigurðsson, Guðlaugur Antonsson, Birna Hauksdóttir, Skúli Kristjánsson og Brynjólfur Sæmundsson. Marteinn Njálsson bar fram breytingatillögu við 5. gr. sem fjallar um hámarksfulltrúafjölda á aðalfundi. Tillagan borin undir atkvæði og felld með þorra atkvæða gegn 4. Síðan var lagafrumvarpið í heild borið undir atkvæði og samþykkt án mótaskvæða. Löginn í heild verða færð til bókar í lok þessarar fundargerðar.”

Eins og sést á þessu fundargerðarbroti var þá enn við lýði meiningamunur á fjölda atkvæða á aðalfund.

„ Hrossaræktarsambands Vesturlands

Lög

1. grein.

Félagið heitir Hrossaræktarsamband Vesturlands og starfar samkvæmt gildandi búfjárræktarlögum. Félagssvæðið er Vesturlandskjördæmi að undan



skilinni Dalasýslu. Auk þess Strandasýsla og Austur-Barðastrandasýsla og félagssvæði Storms.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur.

2. grein.

Markmið Sambandsins er að efla hrossarækt á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst Sambandið ná með að gera hrossin verðmætari með kynbótum, og eiga í þeim tilgangi sem best úrval stóðhesta til notkunar fyrir félagsmenn eða útvega þá á leigu.

3. grein.

Sambandið beiti sér fyrir því að ráðunautar fylgist með efnilegum stóðhestum fram að tanningaraldri.

4. grein.

Sambandið starfar í deildum. Stjórn sambandsins ráðstafar hestum til deilda, sem þess óska, eftir vinnureglum stjórnar sem samþykktar skulu á aðalfundi/haustfundi hverju sinni.

5. grein.

Aðilar að Sambandinu eru hinar ýmsu deildir sbr. gildandi búfjárræktarlög svo og félagsheildir, enda hafi þær sömu réttindi og skyldur og aðrar deildir.

Í kynbótanefnd hverrar deildar eru þrír menn og eru þeir sjálfkjörnir fulltrúar á aðalfund Sambandsins með fullum réttindum.

Félög eða félagsheildir, þar sem deildir starfa ekki, en hafa hrossarækt á stefnuskrá og sinna henni, hafa tvö atkvæði fyrir fyrstu 20 félagana, en síðan eitt atkvæði fyrir hverja 30 féлага eða brot, en þó aldrei fleiri en fjögur atkvæði.

6. grein.

Stofnun nýrra deilda er háð samþykki aðalfundar, fullnægi hún gildandi búfjárræktarlögum.

7. grein.

Árlegar tekjur Sambandsins eru:

1. Tekjur af stóðhestum
2. Framlög samkvæmt búfjárræktarlögum
3. Verð seldra stóðhesta
4. Vextir af sjóðum og fleira

8. grein.

Sambandinu stýrir fimm manna stjórn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár, annað árið er formaður og varaformaður kosnir, en hitt árið þrír meðstjórnendur sem skipta með sér verkum. Varamenn eru þrír og kosnir árlega.

Endurskoðendur skulu vera tveir og jafn margir til vara, kosnir árlega.

Kosningar skulu vera skriflegar og ræður afl atkvæða úrslitum.

Kjörgengir í stjórn Sambandsins eru félagar allra deilda og félaga, sem standa að Sambandinu.

Kjósa má endurskoðendur opinberlega ef mótmælum er ekki hreyft.

9. grein.

Aðalfund skal halda árlega í apríl til júní og boða skal til hans með viku fyrirvara. Hann hefur æðsta vald í öllum málum Sambandsins.

Verkefni hans eru:

1. Skýrslur Sambandsstjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
3. Stjórnarkosningar
4. Önnur mál.

10. grein.

Lögum þessum má eigi breyta nema á aðalfundi Sambandsins og þarf $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða fundarmanna til þess að breyting taki gildi og skal boða lagabreytingu í fundarboði. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Samþykkt á aðalfundi 28. apríl 1996.”

Síðan þetta gerðist hefur ekki verið opnuð umræða um lög og samþykktir Hrs.V.

11 Tillögur

Eins og að líkum lætur gerist það hjá jafn stórum og fjölmönnum samtökum og Hrs. V. er að fram koma margar tillögur sem varða félagsstarfið á fundum og stjórnarfundum þess.

Hér í þessum kafla verður leitast við að greina frá tillögum sem fram hafa komið a.m.k. þeim sem mestu máli skipta.

Á aðalfundinum 1969 fór fram umræða um að auka á fjölbreytni í litum hrossastofnsins. Þessi umræða fór fram vegna frumkvæðis fulltrúa frá Hestamannafélaginu Snæfellingi. Fram kom svohljóðandi tillaga: „Út af framkominni tillögu frá Hestamannafél. Snæfellingi samþykkir fundurinn eftirfarandi: Fundurinn bendir á þá hættu ef ljósum hrossalitum fer fækkandi og fáir kynbótahestar hrossaræktarsambandanna eru með þeim litum. Þess vegna felur fundurinn stjórn og ráðunaut sambandsins að vinna að því að fá fleiri ljósleita kynbótahesta í notkun á sambandssvæðinu sé þess nokkur kostur." Samþykkt samhljóða. Annars staðar í samantekt þessari kemur fram hve erfitt það er að framfylgja óskum um sérstaka liti í ræktun, þar sem fjallað verður um Klaka 419 frá Gullberastöðum en hann var arfhreinn fyrir gráum og hvítum lit. Á fundinum 1969 kom einnig fram tillaga um lausagöngu stóðhesta og mælti Leópolð Jóhannesson Hreðavatnsskála fyrir henni. Tillagan var svohljóðandi: „Aðalfundur Hrs.V. 26-4-1969 felur stjórn sambandsins að vinna gegn lausagöngu stóðhesta á sambandssvæðinu." Samþykkt samhljóða. Framsögumaður og aðrir sem tóku þátt í umræðunni voru sammála um og lögðu áherslu á að mál þetta yrði umfram allt að leysa með samkomulagi og á friðsaman hátt við þá einstaklinga sem hér áttu hlut að máli.

Á stjórnarfundum 20. janúar 1970 var samþykkt eftirfarandi um útflutning hesta: „Stjórn og ráðunautur Hrs.V. vill fara þess á leit við stjórn Búnaðarfélagss Íslands að það beiti sér fyrir að haldinn verði fundur með forráðamönnum hrossaræktarsambanda í landinu til þess þess að ræða útflutningsmál stóðhesta en eins og komið er, er það algjörlega ofviða hrossaræktarsamböndunum að kaupa stóðhesta á því verði sem fæst fyrir þá í útflutningi, þar sem samböndin hafa mjög takmarkaðar tekjur. Ljóst er að þetta getur orðið hrossaræktinni í landinu til mikils tjóns þar sem hætta er á að kynbótahestar landsins fari úr landi, án þess að við verði ráðið. Mikil nauðsyn er á að veita samböndunum fjárhagslegan stuðning t.d. með útflutningsgjaldi af útfluttum stóðhestum ef ekki á verr að fara."

Á aðalfundi 26. apríl 1970 lögðu Leópolð Jóhannesson Hreðavatnsskála og Skúli Kristjánsson Svignaskarði fram tillögu þess efnis hvort ekki væri tiltækilegt kostnaðarins vegna að fram færi dómur eða umsögn dómara um þau hross em skilað væri af tamningastöðinni, svo eigendur fengu nokkurra vitneskju um hvernig hrossin

hefðu reynst. Samþykkt samhljóða. Aldrei kom þessi ályktun til framkvæmda, ef til vill hefur kostnaðurinn staðið í vegi.

Á aðalfundi 28. apríl 1973 lagði Leifur Kr. Jóhannesson fram tillögu um að hlutur Hrs.V. í ágóða af fjórðungsmóti 1971 rynni til Hestamannafél. Faxe en Hrs.V. hafði verið rekstraraðili að mótinu ásamt Faxe en ágóðahlutur Hrs.V. var kr. 38.982.90 að því tilskyldu að upphæðin rynni í uppbyggingu eða viðhald á Faxaborg. Samþykkt samhljóða. Aðalfundurinn sendi Einari Gíslasyni árnaðaróskir í nýjum heimkynnum en hann var að flytja að Syðra-Skörðugili þetta vor og þakkaði áhuga hans og árvekni í garð sambandsins frá fyrstu tíð.

Á aðalfundi 26. apríl 1975 kom fram að Hestamannafél. Geysir hefði ákveðið mótisdaga sína um sömu helgi og fjórðungsmót á Vesturlandi og samþykkt að fara þess á leit að því yrði breytt. Geysisfélagar tóku vel í þetta og breyttu sínum mótisdegi. Á þessum fundi kom einnig fram eftirfarandi tillaga frá Birni Jónssyni Akranesi.: „Aðalfundur Hrs.V. samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnarinnar að ætíð verði leitast við að fá sem besta nýtingu af eftirsóttustu stóðhestunum, meðal annars með því að verðlaunaðar hryssur eða ættgóðar unghryssur hafi forgang að þeim." Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur 8. maí 1976. Tillaga frá Skúla Kristjónssyni Svignaskarði og Sigurði Halldórssyni Gullberastöðum svohljóðandi: „Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands telur æskilegt að stjórn sambandsins kynni á aðalfundum fyrirhugaðar breytingar á stóðhestaeign sambandsins. Samþykkt samhljóða. Einnig kom fram svohljóðandi tillaga sem Leifur Kr. Jóhannesson flutti: „Aðalfundur Hrs.V. skorar á hestamannafélögin á sambandssvæðinu að vinna að því að koma upp framtíðaraðstöðu fyrir fjórðungsmótshalds á Vesturlandi ef aðstaða í Faxaborg reynist óviðunandi. Jafnframt að hestamannafélögin á sambandssvæðinu taki til athugunar nú þegar hvort ekki sé rétt að efna til aukamóts sumarið 1977 til að fá kynbótahross dæmd og sótt verðu um leyfi til B.F.I. fyrir mótinu." Samþykkt samhljóða. Þessi tillaga var fram borin vegna umræðna á fundinum þar sem menn töldu vafamál hvort Faxaborg myndi svara kröfum tímans um stórmótahald til lengri tíma litið sérstaklega hvað varðar landrymi með tilliti til hagabeitar fyrir aðkomuhross og rými fyrir tjaldstæði. Seinni hluti tillögunnar kom fram vegna umræðna um nauðsyn þess að fá kynbótahross dæmd og tekinn í ættbók oftar en á landsmótsári eða fjórðungsmótsári í viðkomandi landsfjórðungi eins og tíðkast hefði um nokkurra ára bil. Samþykkt samhljóða.



Samkvæmt búfjárræktarlögum og röðun á lands- og fjórðungsmótum sem þá giltu áttu Norðlendingar að halda fjórðungsmót árið 1975 en Vestlendingar árið 1976. Vegna hins myndarlega landsmóts á Vindheimamelum 1974 töldu Norðlendingar sig illa í stakk búna að halda fjórðungsmót árið eftir eða 1975. Þess vegna fóru þeir fram á það við Vestlendinga eftir landsmót 1974 að skipta á mótsári þannig að Vestlendingar héldu mót 1975 en þeir 1976. Vestlendingar létu tilleiðast og tóku vanhugsaða skyndiákvörðun þar um, sem var mjög umdeild og um hana var undirliggjandi óánægja þó ekki færi hún hátt, en dró m.a. þann dilk á eftir sér að Guðmundur Pétursson Gullberastöðum sagði af sér ráðunautastarfi hjá Hrs.V. á næsta aðalfundi eftir að þetta var ákveðið eða 1975. Ennfremur kom þetta mót ekki vel út með fá úrvalshross en hlutfallslega margt af miðlungshrossum og varð ekki vestlenskri hrossarækt til framdráttar.

Til að leggja áherslu á að þetta endurtæki sig ekki lagði Árni Guðmundsson Beigalda fram svohljóðandi tillögu á aðalfundi Hrs.V. 23. apríl 1978: „Aðalfundur Hrs.V. skorar á stjórn sambandsins og annarra hrossaræktar- og hestamannafélaga á Vesturlandi að standa fast á því að fjórðungsmót á Vesturlandi verði ekki fyrr en röðin er komin að því samkvæmt búfjárræktarlögum.“ Samþykkt samhljóða.

Þá lagði Árni fram tillögu þess efnis að aldur afkvæma undan afkvæmaprófuðum hestum yrðu a.m.k. 5 þeirra á 5. eða 6. vetri, en nokkuð hafði borið á því að öll afkvæmi einstakra stóðhesta hefðu einungis verið á 4. vetri og var stóðhesturinn Fróði 839 frá Hesti tekinn sem dæmi þar um en hann var afkvæmaprófaður þá um veturinn.

Á aðalfundi 1. maí 1981 kom fram að lögboðinn starfsstyrkur til hrossaræktarsambandanna hefði ekki verið greiddur á tilsettum tíma. Áskorun til B.F.Í um að það endurtæki sig ekki var samþykkt. Leifur Kr. Jóhannesson flutti áskorunina.

Þá var samþykkt að Hrs. V. taki þátt í flutningskostnaði stóðhesta þó einstakar deildir hefðu tekið þá á leigu að því tilskyldu að samráð sé haft við stjórn Hrs.V. um leigutöku á viðkomandi hesti. Þá var samþykkt tillaga um að Hrs.V. hlutaðist til um að koma á námskeiði í byggingadómum á hrossum. Snæfellingar fluttu tillögurnar. Ennfremur tillaga um að einstaklingar sitji við sama borð og hrossaræktarsamböndin með styrkveitingu til afkvæma rannsókna. Þessa tillögu fluttu Leópolld Jóhannesson Hreðavatnsskála og Skúli Kristjánsson Svignaskarði.

Tillaga 1. maí 1981 frá Árna Guðmundssyni: „Aðalfundur Hrs. V. skorar á hestamannafélögin á svæðinu Hvalfjörður-Hrútafjörður að boða til fundar með



stjórnnum hestamannafélaga ásamt stjórnnum Hrs. V. og Dalamanna um framtíðar skipulag mótshalda á Vesturlandi nú þegar á þessu vori. Stjórn Hestamannafélagsins Faxa er falið að boða til fundarins." Samþykkt. Þessi tillaga kom fram vegna umræðna um mótahald m.a. vegna óánægju um þá reglu að halda 4 fjórðungsmót á 3 árum milli landsmóta því þá kom í hlut Austfirðinga og Vestlendinga að hafa fjórðungsmót sama árið.

Aðalfundur 2. maí 1982 Marteinn Njálsson Leirárgörðum lagði fram tillögu þess efnis að stóðhestarnir verði hafðir í þjálfun á vorin og sýndir á þeim stöðum þar sem þeir yrðu notaðir. Samþykkt.

Björn Jónsson Akranesi lagði fram tillögu um starfshóp sem hefði það hlutverk að ráðleggja mönnum um val á stóðhestum. Samþykkt með 9. atkvæðum.

Aðalfundur 14. apríl 1984. Þar kom fram og var samþykkt áskorun til formanna deilda sambandsins að standa betur að skilum á folaldaskýrslum á tilskyldum tíma eða í síðasta lagi 25. nóvember árlega því það væri forsenda þess að starfsstyrkur til Hrs.V. bærisk í tæka tíð. Árni Guðmundsson flutti tillöguna.

Tillaga frá Guðmundi Péturssyni Gullberastöðum og Jóni Sigurðssyni Skipanesi svofell: „Aðalfundur Hrs.V. 14. apríl 1984 færir Þorkeli Bjarnasyni hrossaræktarráðunaut þakkir fyrir skelegga stefnu hans í því efni að koma í veg fyrir að bestu kynbótahrossin séu flutt úr landi." Samþykkt samhljóða. Einnig lét fundurinn í ljós nauðsyn þess að hrossaræktarráðunautur sitji aðalfundi sambandsins og þakkaði honum það.

Aðalfundur 25. apríl 1985. Um þetta leyti var Gunnar Örn Guðmundsson dýralæknir á Hvanneyri að byrja tilraunir með sæðingu hrossa og var frumherji hér á landi á því sviði. Þess vegna flutti Haukur Sveinbjörnsson Snorrastöðum tillögu um fjárframlag og stuðning um það verkefni að taka sæði úr bestu stóðhestunum til geymslu.

Um þessar mundir var mikið um það rætt, a.m.k. á Vesturlandi að flytja stóðhestastöð B.F.Í. að Hvanneyri og um það virtist vera einhuga áhugi hér í landshlutanum. Vegna umræðna á fundinum um þetta mál flutti Leópolld Jóhannessen Hreðavatnsskála svohljóðandi tillögu: „Fundur haldinn í Borgarnesi 25-apríl 1985 felur stjórninni að fylgja því eftir með öllum ráðum að stóðhestastöðin verði flutt að Hvanneyri". Samþykkt samhljóða.

Á aðalfundi 8. maí 1987 var samþykkt tillaga frá Jóni Halldórssyni Krossi, Snorra Hjálmsyni Syðstu-Fossum og Ólöfu Guðbrandsdóttur Nýja-Bæ að sambandið veitti styrk til Gunnars Arnars Guðmundssonar vegna tilrauna hans við hrossasæðingar.

Þá kom á sama fundi fram tillaga frá Þórði Sigurjónssyni og Tryggva Gunnarssyni svohljóðandi: „Aðalfundur Hrs.V. í Borgarnesi 8. maí 1987 vill mjög eindregið vara við útflutningi á okkar bestu kynbótahestum. Einnig er það álit fundarins að útflutningur sæðis úr stóðhestum verði alfarið bannaður." Samþykkt samhljóða.

Guðmundur Sigurðsson gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til búnaðarsambanda sem annast skýrsluhald og leiðbeiningar í hrossarækt svohljóðandi: „Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands haldinn í Borgarnesi 2.5.1993 samþykkir að hluti af styrk frá Búnaðarfélagi Íslands, sem kemur vegna skýrsluhalds í hrossarækt, skuli greitt þeim búnaðarsamböndum sem sjá um skýrsluhald og leiðbeiningar í hrossarækt á svæði Hrossaræktarsambands Vesturlands." Samþykkt samhljóða.

Að gefnu tilefni kom eftirfarandi tillaga fram frá stjórn sambandsins á aðalfundinum 1994: „Aðalfundur H.R.S.V. haldinn að Vindási 1. maí '94 gefur stjórn sambandsins heimild til að synja hryssueigendum að koma með tveggja vetra hryssur undir stóðhesta á vegum sambandsins." Samþykkt samhljóða.

Fundarstaðurinn Vindás er félagsheimili Hestamannafélagsins Skugga í Borgarnesi.

Erindi til aðalfundar Hrs.V. haldinn 23.04.95 í Hótel Borgarnesi. „Fundur í hrossakynbótanefnd Búnaðarfélags Lundarreykjadalshrepps 31.03.1995 skorar á aðalfund H.R.S.V. að móta skýrar reglur um úthlutun plássu undir þá stóðhesta sem eru í sameiginlegri notkun á vegum sambandsins. Í þeim verði a.m.k. reynt að gæta jafnræðis milli deilda sambandsins. Hryssur í skýrsluhaldi B.Í. njóti forgangs og allar umsóknir sem berast innan uppgefina tímamarka njóti jafnræðis." Fyrir hönd hrossakynbótanefndar Búnaðarfélags Lundarreykjadals Sigurður Oddur Ragnarsson. Ekki er að sjá að leitað hafi verið eftir samþykki þess erindis.

Þá kom fram á þessum fundi tillaga um sama efni, en án sambands við hina, frá kynbótadeild Hestamannafélagsins Dreyra sem Marteinn Njálsson flutti og mælti fyrir svohljóðandi: „Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands haldinn í Hótel Borgarnesi 23. apríl 1995 samþykkir eftirfarandi reglur fyrir Hrossaræktarsambandið að fara eftir við útdeilingu á plássu fyrir hryssur undir þá kynbótahesta sem H.R.S.V. hefur til afnota hverju sinni:

1. Eigendur hrossa séu af svæði H.R.S.V.
2. Hryssur séu skýrslufærðar hjá B.Í. (Það að skilað sé fang- og folaldaskýrslum.)
3. Takmakaður fjöldi hryssna hvers eiganda eða hjóna.
4. Farið eftir kynbótadómi og kynbótamati en þó þurfa ósýndar hryssur að hafa sjö stigum meira en sýndar hryssur.

Unnið verði eftir reglunum í þessari röð."

Ekki er að sjá að þessi tillaga hafi verið borin undir atkvæði enda kom fram í umræðum að sitt sýndist hverjum um framkvæmd hennar.

Það vekur athygli að á sama aðalfundi koma fram tilmæli um sama efni, þ.e. úthlutunarreglur við val á hryssum til stóðhestanna, annars vegar erindi frá Hrossakynbótadeild Lundarreykjadal, og hin formleg tillaga frá kynbótadeild Hestamannafélagsins Dreyra sem bendir til þess að á þessum árum hafi verið meiri aðsókn að stóðhestum sem í boði voru en hægt var að sinna. Þá lagði Birna Hauksdóttir Skáney fram nokkurs konar miðlunartillögu þar sem stjórn sambandsins er falið að finna lausn á þessum vanda með reglugerð eða öðrum hætti sem menn mundu setta sig við. Samþykkt með 10 atkvæðum gegn 2.

Á aðalfundi 28. apríl 1996 var samþykkt vegna tillögu frá stjórn Hrs.V. að gefa öllum hryssum sem komu í girðingar til stóðhesta sambandsins inn ormalyf.

Á aðalfundi 4. apríl 2001 kom eftirfarandi tillaga fram frá Ólafi Tryggvasyni Brimisvöllum: „Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands haldinn 4.4. 2001 í Hótel Borgarnesi skorar á hrossaræktarráðunaut Bændasamtaka Íslands að sýna Vestlendingum þann sóma að fara um Vesturland í vor og dæma á fleiri stöðum en í Borgarnesi v/ F.M. 2001."

Eftir litlar umræður um tillögunar var hún samþykkt án mótatkvæða. Um framkvæmd hennar er það að segja að ekki þótti mögulegt að framkvæma dóma með þeim hætti sem hún ætlast til enda er það afturhvarf til fyrri tíma þegar hrossaræktarráðunautur ferðaðist um landið og dæmdi hross við misjafnar aðstæður sem víða voru ekki boðlegar.

Á aðalfundi 25. mars 2004 flutti Georg Jón Jónsson Kjörseyri eftirfarandi tillögu: „Aðalfundur Hrossaræktarsambands Vesturlands haldinn í Hótel Borgarnesi 25. mars 2004 samþykkir að veita stjórn sambandsins heimild til að gerast eignaraðili að væntanlegri reiðhöll í Borgarnesi. Eignaraðild Hrossaræktarsambands Vesturlands yrði bundið þeim styrk sem það gæti fengið hjá Framleiðnisjóði Landbúnaðarins eða



öðrum aðilum. Ekki yrði um það að ræða að ganga á þá sjóði sem sambandið á nú þegar." Samþykkt samhljóða. Þessi tillaga var fram komin vegna erindis Hestamannafélagsins Skugga í Borgarnesi um aðstoð við byggingu reiðhalla þar sem farið var fram á fjárhagslega aðstoð við verkefnið.

Hér hefur verið leitast við að segja frá flestum tillögum sem fram hafa komið á aðalfundum og stjórnarfundum Hrs.V., í sumum tilvikum efnislega, sérstaklega þegar um margorðar tillögur er að ræða en í öðrum tilvikum orðrétt þá innan tilvitnunarmerkja (gæsalappa). Vonandi fá lesendur einhverja innsýn í þau málefni sem voru á dagskrá og væntanlega í takt við samtímann. Enginn má þó ætla að tillögurnar einar og sér hafi mótað stefnuna á hverjum tíma, fleira kom til svo sem leitast verður við að koma á framfæri í öðrum þáttum bókarinnar.

12 Afkvæmarannsóknir og tamningastöð Hrs. V.

Í máli Þorkels Bjarnasonar hrossaræktarráðunauts á aðalfundi Hrs. V. 29. apríl 1967 kom fram frásögn af nýmæli í starfi Hrs. Suðurlands um afkvæmarannsóknir á stóðhestum í eigu sambandsins, sem myndu ryðja sér til rúms víðar.

Á aðalfundi 27. apríl 1968 var til umræðu í fyrsta sinn reglugerð um afkvæmarannsóknir stóðhesta samin af Þorkeli Bjarnasyni og stjórn Hrs. V. hafði fengið til umsagnar nokkru áður, en hún var í stórum dráttum og aðalatriðum á þá leið að tekin voru til tamningar 6-10 ótamin unghross undan þeim hesti sem afkvæmarannsakaður var í það skiptið. Þau tamin í tvo mánuði og af sömu mönnum, dæmd eftir þann tíma af til þess kjörnum mönnum, venjulega héraðsráðunautum í búfjárrækt með hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands sem formann dómnefndar. Á þessum fundi kom fram að búið væri að setja á stofn tamningastöð með það að markmiði að afkvæmarannsóknir á stóðhestum yrðu þar.

Þá var fárra kosta völ á að fá hesta tamda og fáir tamningamenn sem unnu að því hér um slóðir, en sambandinu nauðsyn á að fá hesta tamda vegna afkvæmarannsókna á stóðhestum þess.

Þetta verkefni er eitt af því merkasta í starfsemi sambandsins en tamningastöðin var stofnuð 1967. Hún tók til starfa 1968 og starfaði á Hvítárþakka þar til vorið 1974. Á



Þessum árum var hún starfrækt frá því snemma í janúar fram í september ár hvert. Reynir Aðalsteinsson síðar á Sigmundastöðum var forstöðumaður hennar til vors 1972. Nokkrir tamningamenn voru honum til aðstoðar á þessu tímabili. Tilnefndir eru Bjarni Marinósson Skáney, Sveinn Sigurðsson Indriðastöðum, Jósep Valgarð Þorvaldsson Sveinatungu, Þorsteinn Guðlaugsson Borgarnesi, síðar á Ölvaldsstöðum, Sigurjón Gestsson, Pétur Behrens, Eyjólfur Ísólffson, Jón Þórðarson og ef til vill eru einhverjir fleiri sem komu að þessu verkefni þó það sjáist ekki í bókunum Hrs. V.

Vorið 1972 tók Bragi Andrésón frá Saurum að sér rekstur stöðvarinnar og sá um hana fram að landsmóti 1974.

Frá upphafi og til áramóta 1972-1973 rak Hrs. V. stöðina að öllu leyti og voru tamningamenn á kaupi hjá því og annaðist gjaldkeri Hrs. V. Leifur Kr. Jóhannesson allt reikningshald hennar. Í janúar 1973 breyttist rekstur stöðvarinnar á þann veg að tamningamenn ráku hana fyrir eigin reikning og hélst það rekstrarform meðan hún starfaði.

Bragi Andrésón var því fyrsti maðurinn sem rak tamningastöðina á eigin reikning en Hrs. V. sá um útvegum húsnæðis á sanngjörnu verði til tamningamanna.

Á stjórnarfundum 12. september 1973 kom fram að óvíst væri um aðstöðu fyrir stöðina á Hvítárbakka í framtíðinni. Þar starfaði hún samt fram að landsmóti L.H. í júlí 1974. Þá hætti Bragi starfi sínu þar. Þessi tvö ár sem Bragi vann við tamningar hjá Hrs. V. unnu hjá honum: Stefán Þorsteinsson Borgarnesi, Atli Vilbergsson Egilsstöðum, Ægir Jónsson Akranesi, Hrefna Halldórsdóttir Bjarnastöðum, Óskar Sverrisson Andakílsárviðkjún og Óskar Andrésón frá Saurum í sumarfrí sínu. Ef til vill voru það fleiri menn sem koma þá ekki fram í bókunum.

Á stjórnarfundum 28. janúar 1975 kom tilboð frá Óskari Guðmundssyni á Tungulæk um aðstöðu fyrir tamningastöðina þar. Því tilboði var tekið og hafist handa við að lagfæra húsnæðið sem var aflagt fjárhús í góðu ásigkomulagi en þurfti breytinga við. 5. febrúar 1975 var undirritaður leigusamningur um húsnæðið til fimm ára við Óskar Guðmundsson.

Samið var við Einar Karelsson Borgarnesi, síðar bónda á Álftárósi um rekstur hennar til eins árs. Aðstoðarmenn hans voru: Sigursteinn Sigursteinsson Skjólbrekku og Jón Ólafsson Bárustöðum, sem kom til hjálpar a.m.k. um vorið og sýndi hann á Fjórðungsmóti 1975 Fróða 839 sem var í þjálfun þennan vetur á tamningastöðinni.

Eftir áramót 1975-1976 starfaði Einar Karelsson áfram við tamningastöðina með lítills háttar aðstoð frá Guðmundi Árnasyni Beigalda.

Árið 1977 störfuðu við stöðina Einar Karelsson svo sem áður og Halldór Sigurðsson frá Þverholtum búsettur í Borgarnesi.

Áið 1978 voru það Jón Ólafsson Báreksstöðum og Óskar Sverrisson Andakílsárviðgjafi sem ráku og störfuðu við stöðina.

Árið 1979 rak og vann við stöðina Einar Karelsson Borgarnesi án afskipta Hrs. V: enda enginn hestur afkvæmaprófaður á vegum Hrs. V. í það sinn.

Árið 1980 ráku og störfuðu við tamningastöðina á Tungulæk bræðurnir Sigurður og Jóhann Óskar Jóhannssynir á Kálfalæk. Þá var útrunninn leigusamningur á Tungulæk við Óskar Guðmundsson og ekki grundvöllur til framlengingar á honum enda breyttir tímar síðan 1967.

Eftir þetta fóru afkvæmarannsóknir fram á tveimur hestum sem framkvæmdar voru á Kálfalæk 1983, tamningamaður var Sigurður Jóhannsson. Tamin voru afkvæmi Klaka 914 og tamning á afkvæmum Fjölnis 941, framkvæmd á Sigmundarstöðum 1985, tamningamaður Aðalsteinn Reynisson.

Tamningastöð Hrs. V. var barn síns tíma, nauðsynleg í upphafi en þegar tamningamönnum fjölgaði og þeir fóru að vinna sjálfstætt, var leitað til þeirra með tamningastörfum afkvæmrannsókna lögðust niður í þeirri mynd sem áður var og aðrar aðferðir notaðar til að kanna og kynnast kostum eða göllum einstakra stóðhesta til undaneldis.

13 Stóðhestaeign

Í þessum þætti verður gerð grein fyrir stóðhestaeign hrossaræktarsambandanna tveggja þ.e. Hrs. Borgarfjarðar á árunum 1954 til 1964 og Hrs. V. 1964-2004. Komið verður á framfæri ýmsum athugasemdum um þá og reynt að varpa ljósi á ýmislegt sem var áður ókunnugt um.

Upptalning hestanna er í tveimur köflum. Fyrst eru taldir þeir hestar sem Hrs. Borgarfj. eignaðist á 10 ára starfstíma sínum, síðan eru taldir þeir hestar sem Hrs. V. fékk til eignar frá Hrs. Borgarfj. og eru þeir ekki taldir aftur með hestum sem Hrs. V. hefir eignast á sínum starfsferli. Hestarnir eru ekki taldir í aldursröð þeirra heldur í þeirri röð sem þeir voru keyptir samkvæmt kaupári.



1 Valur I 445 frá Vilmundarstöðum grár f. 1952

F. Blettur 368 frá Vilmundarstöðum

M.: Þoka 2874 ættuð úr Eyjafirði, undan Grána frá Hvassafelli og Brúnku frá Hólshúsum.

Keyptur 1954.

Sýndur í Faxaborg 1955

Umsögn: Myndarlegur, meðalreistur, heldur álitlegt hestefni, ótaminn.

Seldur árið eftir til Magnúsar Bjarnasonar á Húsavík.

Kaupverð kr. 4.000. Söluverð 1956 kr. 3.000.

2 Glói 440 frá Hundadal rauðglófextur, stjörnóttur f. 1951

Bandmál 136-149-28-17,0 (6,0)

F. Rauður frá Hundadal, síðar Munaðarnesi

M: Glóa frá Hundadal.

Keyptur 1954.

Hann var sýndur í Faxaborg 1955 og fékk 2. verðlaun B.

Umsögn: Fíngerður og fríður hestur en lundstirður, raðboginn í v. afturfæti.

Geltur og seldur til Þýskalands árið eftir. Reyndist kargur og hæfileikalaus.

Kaupverð kr. 4.000. Söluverð 1956 kr. 3.500.

3 Skarði 400 frá Hólum í Hjaltadal, jarpur f. 1947

Bandmál. 142-160-31-18,5 (6,6)

F. Nökkvi 260 frá Hólmi

M. Irpa 2280 frá Hólum (undan Silfra 225 og Gránu 1509)

Sýndur og tekinn í ættbók 1950.

Kom til Búnaðarsambands Borgarfjarðar sem gjöf frá Hólum.

Hrossaræktarsamband Borgarfjarðar keypti hann 1954.

1956 var hann seldur.

Umsögn: Myndarlegur og hlutfallsgóður, vinnuhestur, geðgóður og auðsveipur.



Kaupverð kr. 5.000. Söluverð 1956 kr. 3.000.

4 Hjalti 394 frá Hólum í Hjaltadal, jarpur f. 1946

Bandmál: 142-160-30-18,5 gefinn af Búnaðarsambandi Borgarfjarðar

F. Nökkvi 260 frá Hólmi
M. Grána 1509 frá Skarði, Lundarreykjadal

Sýndur í Faxaborg 1951 og hlaut 1. verðl. Var númer 2 og hlaut Borgarfjarðarbikarinn.

Umsögn: Myndarlegur, hlutfallagóður og röskur hestur á góðum fótum.
Eigandi þá Hrossaræktarfélag Hraunhrepps.

Hrossaræktarsamband Borgarfjarðar keypti hann 1954.
Ekki talinn reiðhestafaðir, geltur og seldur 1955.
Kaufverð kr. 4.000. Söluverð kr. 3.000.

5 Bliki 439 frá Borgarnesi, gráskjóttur f. 1951

Bandmál: 140-153-28-17,0 (6,2)

F.
M.
Keyptur 1954.

Sýndur í Faxaborg 1955. Hlaut 2. verðl. B.

Umsögn: Myndarlegur og þreklegur hestur, ekki reiðhestlegur.

Seldur 1956.
Kaufverð kr. 5.250. Söluverð kr. 3.000.

6 Sómi 430 frá Indriðastöðum, Skorradal, jarpur f. 1951.

Bandmál: 140-152-28-18,0 (6,3)

F: Skuggi 201 frá Bjarnarnesi.
M: Perla 2750 frá Indriðastöðum.
Keyptur 1954.
Sýndur í Faxaborg 1955. Hlaut 2. verðl. A.

Umsögn: Reistur og hlutfallagóður, góðir fætur, reiðhestslegur.



Hann var seint taminn, en varð að lokum þrýðilega viljugur og ganggóður reiðhestur. Undan honum komu góð reiðhross, sum ágæt.

Notaður í Hraunhreppi í 3 ár.

Þá vanaður, seldur 1957 Einari Ásmundssyni forstjóra í Sindra í Reykjavík.

Kaupverð kr. 3.300. Söluverð kr. 3.000.

7 Hrafn 402 frá Mið-Fossum, Andakílshreppi, brúnn f. 1951

Bandmál: 140-152-29-18,0 (6,5)

F: Úlfsstaða-Blakkur 302

M: Irpa 1506 frá Mið-Fossum.

Sýndur í Faxaborg 1955. Var tekinn í ættbók þar, Keyptur 1954 eða 1955.

Sýndur á Þingvöllum 1958, hlaut þar 1. verðl. B.

Umsögn: Þróttlegur, vel meðalreistur og samræmisgóður klárhestur með litlu tölti en góðum vilja.

Sýndur í Faxaborg 1960. Sýndi þar betri tilburði.

Sýndur á Þingvöllum 1962 með afkvæmum. Hlaut þar 1. verðalun B.

Umsögn: Afkvæmin eru þæg og þróttleg, en vantar nokkra mykt og fjölhæfni gang. eru þau og heldur bolþung. Vel sköpuð hross með góðum vilja og reiðhestahæfileika, þau eru fríð, hárreist, hlutfallagóð og hafa þurra og vel gerða fætur.

Sýnd afkvæmi:

Gosi, rauður, 7 v. frá Múlakoti.

Gustur, jarpur 7 v. frá Grund, Skorradal

Litli-Rauður, rauður, 8 v. frá Vatnshorni

Tanni, brúnn 6 v. frá Kópareykjum.

Notaður frá 1956.

Sýndur með afkvæmum í Faxaborg 1965. Hlaut 1. verð. B.

Sýnd afkvæmi:

Bleikblesi, bleikblesóttur, 6 v. eig. Björn H. Jónsson, Ölvaldsstöðum

Blesi, rauðblesóttur, 5 v. eig. Haukur Kristinsson, Borgarnesi

Gustur, jarpur, 10 v. eig. Jón Ingvarsson, Reykjavík

Ljónslöpp, jörp, 6 v. eig. Guðmundur Árnason, Beigalda

Sorti, brúnn, 6 v. eig. Haukur Ragnarsson, Reykjavík

Víkingur, jarplif. 6 v. eig. Ása Finnsdóttir, Eskiholti

Ekki er ljóst hvenær þessi hestur hefur verið keyptur, annað hvort 1954 eða 1955. En Hrs. Borgarfjarðar er skráður eigandi hans í sýningarskrá héraðssýningar í Faxaborg 1955.

Varð fyrir slysi og var felldur. Óljóst hvaða ár.



8 Roði 451 frá Ytra-Skörðugili, Skagafirði, rauður f. 1951

Bandmál: 138-155-29,5-17,5 (6,2)

F: Jarpur frá Ytra-Vallholti
M: Rauðka frá Ytra-Skörðugili.

Keyptur vorið 1956 af Jean de Fontenay og Guðmundi Péturssyni fyrir Hrs. Borgarfj.

Kaupverð 1956 kr. 6.000

Seldur Marinó Jakobssyni á Skáney arið 1957, sem tamdi hann og sýndi á Þingvöllum 1958.

Söluverð 1957 kr. 3.000

1959 keypti Hrs. Borgarfj. hestinn aftur og átti hann eftir það. Hann var mikið notaður.

Kaupverð 1959 kr. 15.000, sem var borgað á tveimur árum, 1959 kr. 10.000, árið 1960 kr. 5.000

Sýndur á Þingvöllum 1958 og hlaut 1. verðl. A.

Sýndur á Þingvöllum 1962 með afkvæmum. Hlaut 1. verðlaun B.
Umsögn: Afkvæmin eru fríð og reiðhestleg þægðartrippi með öllum gangi, en sáralítið tamin.

Sýnd afkvæmi:

Blesi, rauðblesóttur 4 v. frá Skáney
Brúnn, brúnn 4 v. frá Vilmundarstöðum
Sorti, brúnn 5 v. frá Vilmundarstöðum
Sudda, brún 5 v. frá Steindórsstöðum

Sýndur í Faxaborg 1965 með afkvæmum og stóð þar nr. 2.

Sýnd afkvæmi:

Blesi 598, rauðblesóttur 7 v. Eig. Marinó Jakobsson, Skáney
Blakkur, brúnn 5 v. eig. Marinó Jakobsson, Skáney
Brúnn, brúnn 6 v. eig. Jón Þorsteinsson, Giljahlíð
Gráni, grár 6 v. eig. Þorsteinn Valdimarsson, Borgarnesi
Léttir 586, brúnn 4 v. eig. Hrs. Vesturlands
Rauður, rauður 5 v. eig. Leó Sveinsson, Reykjavík
Rauður, rauður 5 v. eig. Jón Þorsteinsson, Giljahlíð
Stjarni, rauðstjörnóttur, 5 v. eig. Leó Sveinsson, Reykjavík.

Sýndur á landsmóti á Hólum 1966 og stóð efstur stóðhesta með afkvæmdum og hlaut Sleipnisbikarinn.



Umsögn: Afkvæmi Roða eru fríð, prúð og fremur fínbyggð. Þau eru mjúkvaxin, lundgóð og þæg. Í þeim býr allur gangur, þó mætti brokk vera meira ríkjandi og skeið fjarlægara á hægri ferð. Prúðleiki og frjálsleg framkoma ásamt fleiri kostum eru góður samnefni fyrir systkinahópin og sýna hvað best kynfestu föðurins. Besti hestur sýningarinnar.

Eink: einstakl. 8.24, Fyrir afkvæmi 8.17, Aðaleinkunn: 8.21 og fyrir kynfestu 8.00

Sýnd afkvæmi:

Blesi 598, rauðblesóttur 8 v. Eig. Marínó Jakobsson, Skáney

Bliki, bleikur 6.v. eig. Andrés Jónsson, Deildartungu

Vinur, rauður 6 v. eig. Jón Þorsteinsson, Giljahlíð

Smáfrúar-Rauður, rauður 8 v. eig. Guðjóna Jónsdóttir Sturlureykjum

Roði var felldur 24ja vetra, árið 1975.

9 Stormur frá Ytra-Skörðugili, grár f. 1951

F: Jarpur frá Ytra-Vallholti

M:

Keyptur vorið 1956.

Notaður í Lundarreykjadal eitt ár.

Pótti skapgallaður með meiru. Undan honum komu þó reiðhross.

Kaupverð kr. 6.000 Söluverð kr. 1.100

10 Árvakur frá Akureyri, brúnn f. 1953,

Bandmál 145 cm

F: Svipur 385 frá Akureyri

M: Stjarna 2720 frá Akureyri (stóð nr. 3 á Þveráreyrum 1953)

Keyptur árið 1956.

Varð sjúkur, og felldur veturinn 1958-1959.

Umsögn: Smár en sérlega laglega gerður, fríður, háreistur og viljalegur, klárhestur með tregu tölti.

Kaupverð kr. 10.200

11 Húni 435 frá Stóradal A.- Hún., rauður f. 1951.

Bandmál: 145-160-18.0

F: Gráni frá Stóradal
M: Rauðka frá Stóradal

Keyptur vorið 1956.
Taminn um tíma í Fornahvammi og notaður eitt vor í Skilmannahreppi.

Seldur Leif Larsen á Minni-Vatnsleysu um haustið 1957.
Vanaður vorið 1960 og seldur Kristni Hákonarsyni.

Umsögn: Háreistur, hlutfallagóður og glæsilegur hestur á traustum fótum, bolstífur og klárgengur, taugaóstyrkur og hræðslugjarn.

Kaupverð kr. 6.000 Söluverð 1957 kr. 5.000

12 Ófeigur 493 frá Blönduósi, brúnn f. 1953.

Bandmál: 144-160-29-19,0-(6,7)

F: Rútur 348 frá Rútsstöðum
M: Gletta, Guðmundur Ragnarssonar, Blönduósi

Keyptur 1957

Sýndur á Þingvöllum 1958

Umsögn: Myndarlegur og fremur grófgerður reiðhestur með allan gang, sæmilegan vilja og heldur óþjála lund. Reyndist ekki reiðhestafaðir.

Seldur sumarið 1959 til Pollmeiers í Köln í Þýskalandi.

Kaupverð kr. 10.000 Söluverð kr. 12.000

13 Skuggi 395 frá Hólum (Hóla-Skuggi) brúnn f. 1951.

Bandmál.

F: Hæringur frá Fornustekku, Hornafirði.
M: Góða-fluga 1423 frá Nautabúi, Skagafirði.

Keyptur 1957, notaður það vor í Reykholtssdal, vanaður um sumarið, þar sem hann þótti of grimmur (bitvargur) við hryssur í girðingunni.

Seldur Hjalta Pálssyni í Reykjavík og þótti hann góður reiðhestur.

Umsögn: Ákveðinn svipur, háreistur, hlutfallagóður, þurrir fætur og réttir. Viljugur klárhestur með góðu og hröðu tölti. Afkvæmin reyndust skapgölluð.



Ekkert finnst í reikningum eða fundargerðabókum Hrs. Borgarfjarðar um kaup- eða söluverð Skugga 395.

14 Börkur 541 frá Melum, Melasveit, jarpur f. 1952.

Bandmál: 142-160-30-18,0

F: Jarpur 375 frá Þverá undan Hreini frá Þverá

M: Jörp frá Melum.

Keyptur 1957

Notaður það sumar í Borgarhreppi.

Lýsing: Myndarlegur, sterkur hestur, meðalreistur, viljugur vekringur.

Var látinn í skiptum fyrir Lýsing 409 frá Voðmúlastöðum.

Seldur til Þýskalands 1960

Kaupverð kr. 5.000 Látinn fyrir Lýsing 409.

15 Fálki frá Vilmundarstöðum, Reykholtisdal, grár f. 1956

F: óþekktur

M: Þoka 2874 frá Vilmundarstöðum.

Keyptur 1958

Notaður í Skilmannahreppi vorið 1959.

Seldur 1959.

Kaupverð kr. 4.000 Söluverð kr. 4.000

Einhverjir gallar hljóta að hafa komið fram í þessum hesti þó þeirra sé hvergi getið.

16 Baldur 449 frá Bóndhól, Borgarhreppi, móbrúnn f. 1953.

Bandmál 141-157-30,0-18,5 (6,3)

F: Skuggi 201 Bjarnarnesi

M: Jörp 1092 frá Bóndhól

Sýndur í Faxaborg 1955 í eigu Guðmundar Gíslasonar.

Keyptur 1958.



Sýndur á Þingvöllum 1958 og stóð þar framarlega í röð taminna, einstakra stóðhesta. Hlaut 1. verðl. A. B. 8,50, H. 8.03, A. 8,22

Umsögn: Hlutfallagóður, sterkur og heilsteyptur reiðhestur með allan gang og góðan vilja.

Sýndur í Faxaborg 1960 og stóð nr. 1 og hlaut 1. verðl. A.

Hann var sýndur á mörgum sýningum og fékk ætíð 1. verðl. Og stóð stundum efstur. Var oftast mikið notaður.

Sýndur með afkvæmum á landsmóti á Þingvöllum 1962, varð nr. 2 í röð og hlaut 1. verðl. A.

Umsögn: Afkvæmi Baldurs eru fremur samstæð að gerð, viljug, ganggóð, en líflegri fótlyftingar og höfuðburður væri kærkomið.

Sýnd afkvæmi:

Brúnka, brún 5 v. frá Sveinsstöðum, Mýr.

Dreki, brúnn 5 v. frá Miðhúsum

Fála, jörp 5 v. frá Miðhúsum

Mori, brúnn 5 v. frá Miðhúsum

Sýndur með afkvæmum á Fjórðungsmóti 1965 í Faxaborg.

Dæmd afkvæmi:

Bliki 589, brúnskj. 6 v. eig. Hrs. Vesturlands

Bíldur, grár 6 v. eig. Guðmundur Magnússon, Arnþórsholti

Brúnn, brúnn 7 v. eig. Björn H. Jónsson, Ölvaldsstöðum

Elding, brún 8 v. eig. Ágúst Jónsson, Sveinsstöðum

Freyfaxi, brúnn 7 v. eig. Sigursteinn Þórðarson, Borgarnesi

Gletta, brún 8 v. eig. Gylfi Jónsson, Miðhúsum

Goði, jarpur 5 v. eig. Hjörleifur Guðmundsson, Heggstöðum

Gustur, brúnn 5 v. eig. Haukur Sveinbjörnsson, Snorrastöðum

Héla, grá 7 v. eig. Bergsveinn Símonarson, Borgarnesi

Ófeigur, brúnn 7 v. eig. Rósa Guðmundsdóttir, Svignaskarði

Var í eigu Hrs. Vesturlands til ársins 1975 en hann var felldur 22ja vetra gamall.

Kaupverð kr. 20.000

17 Bragi frá Skarði, Lundarreykjadal, brúnstjörnóttur f. 1956

Bandmál: 139-151-2—18,5 (6.4)

F: Skuggi 201 frá Bjarnarnesi

M: Brúnka frá Tungufelli undan Brennubrún.

Keyptur 1959



Sýndur í Faxaborg 1960, hlaut 1. verðl. B.

Umsögn: Fríður, reistur, hlutfallagóður, álitlegt reiðhestsefni og stóðhestsefni. Hann var gangsamur og viljugur.

Afkvæmarannsókn nr. 9, 1968. B. 7,40 H. 7,19, A 7,30

Reyndist reiðhestafaðir og voru afkvæmin gangsöm og viljug.

Fékk lifrabólgu og var felldur.

Kaupverð 5.500

18 Kotur 557 frá Brautartungu, jarpur f. 1956

Bandmál 146-162-33-2- (6.9)

F: Skuggi 201 frá Bjarnarnesi

M: Vinda frá Kistufelli (af Hindisvíkurkyni)

Keyptur 1959.

Sýndur í Faxaborg 1960, hlaut 2. verðl. A.

Umsögn: Myndarlegur og sterkur hestur, ófríður, grófgerður, viljugur klárhestur, þó með allan gang.

Var geltur og seldur til Reykjavíkur 1961.

Kaupverð kr. 4.000 Söluverð kr. 6.500

19 Hrímfaxi 559 frá Langholtsparti í Flóa, bleikvindóttur f. 1957

Bandmál 140-157-29-17.0 (6.5)

F: Silfurtoppur 451 frá Reykjadal

M: Perla 1171 frá Langholtsparti

Keyptur 1960.

Sýndur í Faxaborg 1960, hlaut 1. verðl. C,

Umsögn: Fríður, háreistur, hlutfallagóður, heldur harður bolur, góðir fætur. Glæsilegt hestsefni og gott stóðhestsefni.

Seldur 1962 Ásmundi Ásmundssyni, Ökrum sem notaði hann til undaneldis.



Kaupverð kr. 10.000 Söluverð 6.000

20 Lýsingur 409 frá Voðmúlastöðum, ljósgulur/hvífextur, f. 1947

Bandmál 143-160-29,5-18,0 (6.5)

F: Lýsingur frá Butru í Fljótshlíð, undan Sleipni 249 frá Uxahrygg
M: Nös frá Voðmúlastöðum

Sýndur 1952 í Landeyjum og á Selfossi.

Seldur Hrossaræktarfélagi Fljótsdalshéraðs 1953 og notaður þar til 1958.
Sýndur á Þveráreyrum 1954, á Egilsstöðum 1957 og á Þingvöllum 1958.
Árið 1958 keyptu Jón M. Guðmundsson Reykjum í Mosfellssveit og Skúli Kristjánsson í Svignaskarði hestinn.
Notaður í Lundarreykjadal 1959.

Keyptur 1960 og sýndur það ár í Faxaborg.

Lýsing: Föngulegur, hágengur og grófgerður reiðhestur með allan gang. Lýsingur vakti hvarvetna athygli vegna friðleika og fagurs litarháttar, ljósgulur með hvítt fax og tagl. Einnig vakti athygli hinar sérlega háu og fálmandi framfótahreyfingar og síðari árin vakti athygli skeið hans. Viljinn var góður en skaphöfn fremur óþjál. Hlaut 1. verðl. B.

1966 var hann seldur Félagsbúinu að Ásgeirsbrekku, (Jóni Friðriksson) síðar á Vatnsleysu. Hlaut ætíð 1. verðl.

21 Geisli 588 frá Sandlækjarkoti, rauðblesóttur f. 1959

Bandmál 139-155-28,0-17,5

F: Tvistur 244 frá Skáldabúðum
M: Nös frá Sandlækjarkoti (út af Kára frá Grímstungu)

Keyptur 1961.
Sýndur í Faxaborg 1965. B. 8.10 H. 7.45 A. 7.78
Afkvæmarannsókn nr. 7 1968. B. 7.37 H. 6.79 A. 7.08

Seldur Hrossaræktarsambandi Suðurlands 1971.

Kaupverð 7.500 Söluverð kr. 25.000

Geisli 588 er fyrsti hesturinn sem var afkvæmarannsakaður í eigu Hrs. V.



22 Bliki 589 frá Tungufelli, Lundarreykjadal, brúnskjóttur f. 1959

Bandmál 139

F: Baldur 449 frá Bóndhól

M: Grána frá Tungufelli undan Randver 355

Keyptur 1962

Sýndur í Faxaborg 1965. B. 8.10 H. 7.90 A. 8.00

Var geltur og seldur 1967.

Ágætur reiðhestur en gaf mjög mikið skjótt og sum afkvæmin reyndust slæg, en mörg þeirra búin ágætum reiðhestskostum.

Kaupverð kr. 10.000 Söluverð kr. 18.000

23 Rökkvi 552 frá Dalkoti á Vatnsnesi, jarpur f. 1956

Bandmál 141-153-29-17,5 (6.4)

F: Sörli 377 frá Hvammstanga

M: Grána frá Dalkoti

Sýndur í Faxaborg 1960.

Eigendur voru þá Guðmundur Magnússon frá Bryðjuholti og Garðar Halldórsson frá Hóli í Lundarreykjadal.

Umsögn: Fríður og svipléttur, háreistur, hlutfallagóður, góðir fætur. Viljagott hreyfingamjúkt gæðingsefni með allan gang.

Hrossaæktarsamband Borgarfjarðar keypti hann 1962.

Sýndur í Faxaborg 1965. B. 8.0 H. 8.0 A. 8.00

Hesturinn var viljasterkur reiðhestur. Afkvæmarannsókn nr. 8 1968. B. 7.32 H. 6.77 A. 7.05

Seldur Kristjáni Sigfússyni Húnsstöðum 1971.

Kaupverð 11.000 Söluverð 15.000

24 Freyr 579 frá Árbæ Ölfushreppi, grár f. 1958

Bandmál 142-160-29.5-17.0

Keyptur 1962. Dómur frá Þingvöllum 1962 B. 8.30 H. 7.62 A. 7.96



Sýndur í Faxaborg 1965.

Afkvæmarannsókn nr. 11 1969. B. 7.43 H. 7.31 A. 7.37

Sýndur á landsmóti Þingvöllum 1970 og fékk 1. verðl. fyrir afkvæmi.

Sýnd afkvæmi:

Kópur, grár 5 v. eig. Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum

Reykur, grár 5 v. eig. Björn Ásgeirsson, Reykjum

Peli, grár 6 v. eig. Þórður Einarsson, Kletti

Gráni, grár 5 v. eig. Finnbogi Arndal, Árdal

Neisti, rauður 5 v. Hjörleifur Vilhjálmsson, Tungufelli

Rauður, rauður 5 v. Halldór Benónýsson, Krossi

Umsögn um afkvæmi: Viljug, gangsök og mjög bolmjúk og liðug. Gaf mjög mikið grátt.

Seldur 1978 óvanaður til Guðmundar Gíslasonar á Torfastöðum.

Kaupverð kr. 20.000. Söluverð kr. 100.000

Hér fyrir framan eru taldið þeir hestar, sem Hrs. Borgarfjarðar eignaðist á 10 ára starfsferli sínum 1954-1964 og eru þeir 24 að tölu og er það samkvæmt því sem fram kom á stofnfundi Hrs. V. 31. okt. 1964.

Þeir verða ekki taldir aftur með þeim hestum sem Hrs. V. hefur eignast á starfstíma sínum heldur vísað á raðtölunúmer þeirra hér í skránni fyrir framan.

Hestarnir sem Hrs. V. tók við frá Hrs. Borgarfjarðar eru:

- 1 Hrafn 402 frá Miðfossu nr. 7 í skránni
- 2 Roði 453 frá Ytra-Skörðugili nr. 8 í skránni
- 3 Baldur 449 frá Bóndhól nr. 16 í skránni
- 4 Bragi 542 frá Skarði í Lundarreykjadal nr. 17 í skránni
- 5 Lýsingur 409 frá Voðmúlastöðum nr. 20 í skránni
- 6 Geisli 588 frá Sandlækjarkoti nr. 21 í skránni
- 7 Bliki 589 frá Tungufelli nr. 22 í skránni
- 8 Rökkvi 552 frá Dalkoti nr. 23 í skránni
- 9 Freyr 579 Árbæ nr. 24 í skránni

Þar sem heimildir frá þessum tíma þ.e. reikningar Hrs. V. eru glataðir er ekki hægt að sjá á hvaða verði þeir hafa verið keyptir. Í fundargerðum Hrs. V. er ekkert um það.

25 Léttir 586 frá Vilmundarstöðum, Reykholtsdal, brúnn f. 1961

Bandmál 138-150-28.0-17,5

F: Roði 453 frá Ytra-Skörðugili

M: Stjarna 2724 frá Hvítárvöllum



Sýndur í Faxaborg 1965. B. 8.50 H.8.03 A. 8.26

Umsögn: Gæðingur.

Afkvæmarannsókn nr. 13 1970. B. 7.90 H. 7.56 A. 7.73

Sýndur á fjórðungsmóti í Faxaborg 1971, eink. 8,0-8,23=8,12

Sýndur með afkvæmum á FM í Faxaborg 1971.

Dæmd afkvæmi: (einhver þessara voru sýnd)

Brúnka frá Hæli

Krummi frá Kópareykjum

Leiri frá Samtúni

Smári frá Geirshlíð

Trausti frá Geirshlíð

Krummi frá Deildartungu

Snotra frá Deildartungu

Sóta frá Stóra-Kroppi

Yngri-Rauður frá Hurðarbaki

Gosi frá Tröllatungu

Von frá Brekkukoti

Umsögn: Afkvæmi Léttis 586 eru fríð og fínbyggð, en mörg smá vexti. Þau búa yfir góðum hæfileikum, eru viljug, fjölhæf og rúm í gangi. Afkvæmin eru fremur traust í skapi og næm. Þau temjast og taka tilsögn mjög vel. Þau eru sviplík og sýna mikla kynfestu föðurins. Vegna smæðar afkvæmanna hlýtur Léttir 586 aðeins II. verðlaun, þótt þau hafi næga kosti til I. verðlauna sem góð reiðhross.

Vanaður og seldur Jóni Sigurðssyni, Skipanesi 1976, sem átti hestinn eftir það. Keyptur 1964.

Kaupverð kr. 15.000 Söluverð kr. 50.000

Vegna glataðra gagna (heimilda) er ekki hægt að sjá það með vissu hvenær Léttir hefir verið keyptur en hann er kominn í eigu Hrs. V. á fjórðungsmótinu 1965. Hann finnst ekki í gögnum frá Hrs. Borgarfjarðar. Því trúlega keyptur 1965.

26 Logi 605 frá Kletti í Reykholtsdal, rauðstjörnóttur f. 1962

Bandmál

F: Blesi 598 frá Skáney

M: Perla 2457 frá Kletti

Keyptur 1965.

Sýndur í Faxaborg 1965, 3ja vetra. . 7.80 H. 7.53 A. 7.67

Afkvæmarannsókn nr. 16 1971 B. 7.55 H. 6.55 A 7.05



Seldur óvanaður 1971 Bergsteini Þorsteinssyni.

Kaupverð 20.000 Söluverð kr. 20.000

27 Gustur 638 frá Kletti í Reykholtsdal, dökkjarpur f. 1963

Bandmál

F: Baldur 449 frá Bóndhól

M: Perla 2457 frá Kletti (heiðursverðlaunahryssa af héraðssýningu)

Sýndur á Landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1968

Eink. B. 8.00 H. 7.32 A. 7.66

Afkvæmarannsókn nr. 19 1972. B. 7.83 H. 6.56 A. 7.20

Seldur Jakobi Magnússyni Samtúni 1972.

Söluverð kr. 20.000

28 Fölskvi 639 frá Kletti, Reykholtsdal, bleiklitföróttur f. 1963

Bandmál

F: Baldur 449 frá Bóndhól

M: Molda frá Kletti

Tekinn í ættbók. Dómur 7.70

Var lítið taminn, seldur til Danmerkur í apríl 1969 og talinn þar með bestu hestum.

Dómur í Danmörk 1969 B. 8.13 H. 7.55 A. 7.78

Söluverð kr. 35.000

29 Kvistur 640 frá Hesti í Borgarfirði, jarpstjörnóttur f. 1962

Bandmál 137-151-27,5-16,5 6,1

F: Nökkvi 260 frá Hólmi.

M: Blesa frá Hausthúsum, Snæf.

Fæddur Einari E. Gíslasyni bústjóra á Hesti í Andakílshreppi.

Sýndur á Landsmóti í Skógarhólum 1970

B. 7.90 H. 8.10 A. 8.00



Umsögn: Fluggengur gæðingur.

Afkvæmarannsókn nr. 15 1971. B. 7.58 H. 7.58 A. 7.58

Sýndur með afkvæmum á fjórðungsmóti í Faxaborg 1975, eink. 7.82

Umsögn: Afkvæmi Kvists eru allvel fríð og sviphrein. Skapgerðin er traust og fremur auðsveip. Allgóð reising er á þeim en bak stundum hart og samræmi í byggingu fremur lítið, þar sem lend er stutt og bolur djúpur. Fætur eru þurrir og liprir en ekki liðasverir og kjúkuskekkjur eru algengar í afturfótum.

Reiðshestsstærðir eru sterkari hlið afkvæmanna en byggingin. Þau eru vel brokk- og töltgeng, vekurð er nær alltaf fyrir hendi og hún töluverð, þótt ekki sé úrval. Vilji er öruggur og oft mikill og er sá hæfileiki bestur kostanna, hvað hópinn snertir.

Meðalhæð (bandmál) afkvæmanna sex, sem hér eru metin er 139.5 cm og er helmingur þeirra hryssur. Stærðin er því alveg í lágmarki, en þó er hæpið að fella hestinn af þeim sökum, en reyna fremur að leiða undir hann vænni hryssurnar.

Meðalaldur hópsins er 6 1/2 ár. Meðaleinkunn fyrir byggingu og hæfileika er 7.82 stig, og hlýtur Kvistur 640 1. v. fyrir afkvæmi.

Sýnd afkvæmi:

Fífill frá Stakkhamri, bleikrauður f. 1968

M: Snælda 3578 frá Stakkhamri

Eig. Bjarni Alexandersson, Stakkhamri

Gola 3976 frá Gullberastöðum, rauðjörp f. 1968

M: Perla 3043 frá Akranesi

Eig. Árni Guðmundsson, Beigalda

Gustur frá Bæ, Borg, jarpur f. 1966

M:

Eig. Guðrún Ólafsdóttir, Bæ

Gustur frá Fáskrúðarbakka, jarpur f. 1970

M: Jörp frá Fáskrúðarbakka

Eig. Högni Bæringsson, Stykkishólmi

Jörp 4182 frá Hlíð, Snæf, rauðjörp f. 1969

M: Sóta frá Hlíð

Eig. Sveinbjörn Hallsson, Hlíð

Móna 4074 frá Hömrum, Reykholtisdal, jörp f. 1968

M: Brúnka frá Hömrum

Eig. Guðmundur Gunnarson, Akranesi

Hesturinn fórst af slysförum haustið 1978



30 Glampi 643 frá Stafholti, ljósaskjóttur, blesóttur f. 1965

Bandmál

F: Roði 453 frá Ytra-Skörðugili

M: Moldskotta frá Lundum

Tekinn í ættbók. Eink. B. 7.70 H. 7.60 A. 7.65

Seldur Jóhanni Þorsteinssyni 1969.

Söluverð 25.000

31 Óðinn 644 frá Bæ í Strandasýslu, dökkjarpur f. 1964

Bandmál

F: Bragi 542 frá Skarði

M: Jörp frá Bæ

Tekinn í ættbók. B. 7.80

Keyptur 1968.

Vanaður 4ra vetra. Seldur 1969

Umsögn: Skapgallaður en þó ganghæfileikum gæddur og viljamikill.

Samkvæmt greiðslukvittun sem til er seldur Páli Melsted Reykjavík 1970 á kr. 25.000

32 Þytur 710 frá Geldingaá, Borg, jarpur f. 1966

Bandmál 142-157-29,5-18,5 (6.6)

F: Nökkvi 260 frá Hólmi

M: Blökk (Jörp) frá Geldingaá

Keyptur 1969. Sýndur á Þingvöllum 1970. Eink. B. 7.80 H. 7.87 A. 7.84

Hesturinn var góður kynbótahestur.

Fór yfir allar girðingar og var vanaður 1975 og seldur til Sviss til Max Indermaur.

Söluverð kr. 100.000



33 Skúmur AA135002 frá Krossi, Borg, brúnn f. 1967

Bandmál

F: Baldur 449 frá Bóndhól
M: Brúnka 3076 frá Krossi

Keyptur af Halldóri Benónýsson, Krossi Lund. 1969.

Umsögn: Varð ágætur og fjölhæfur gæðingur. Lundgóður með afburða reisingu. Hann var seldur og fórst síðar af slysförum.

Seldur Kjartani Gunnarssyni lyfsala í Borgarnesi handa Gunnari syni hans 1971.

Kaupverð kr. 12.000

34 Hæringur frá Kistufelli, Borg. f. 1966

Bandmál

F: Stjarni frá Sólheimum Skagafirði
M: Grána frá Gilhaga (eign Guðmundar Péturssonar)

Keyptur 1969.

Reyndist erfiður í tamningu og geltur. Síðan taminn til fulls og reyndist léttvígur klárhestur með góðri töltferð.

Seldur til Þýskalands 1971.

Kaupverð kr. 20.000 Söluverð kr. 45.000

Þessi skagfirski hestur barst til Borgarfjarðar með þeim hætti að Guðmundur Pétursson Gullberastöðum keypti Gránu af Stefáni í Gilhaga og var hún þá fylfull að Hæringi. Gránu var komið fyrir í fóður á Kistufelli og þar fæddist hann. Ætla má að þetta hafi verið efnilegur foli því að á stjórnarfundum 8. des. 1969 er talað um að Hæringur yrði sýndur á Landsmóti 1970 ef vel tækist með tamningu á honum. En sú von brást vegna skapgerðargalla hans. Í kappreiðaskrá fjórðungsmóts 1971 er skráður í 400m stökk 5 v. hestur sem nefndur er Sólfari í eigu Hrs. V. Þetta er tvímælalaust Hæringur en í heimildum er þessi hestur stundum nefndur Sólfari. Þarna kemur fram í annað sinn að hér hefur verið um orkumikinn hest að ræða þar sem honum svo ungum var treyst í svo erfitt hlaup.

35 Ylur 720 frá Kirkjubæ, Rang., rauðblesóttur f. 1968

Bandmál

F: Ljúfur 353 frá Kirkjubæ



M: Hvöt frá Kirkjubæ

Keyptur 1969.

Sýndur í Faxaborg 1971, 3ja vetra. B. 8.00 H.7.37 A. 7.69 Klárhestur með tölti.

Á aðalfundi 27. apríl 1974 kom fram hjá formanni, Símoni Teitssyni, að sennilega yrði sambandið að hætta að nota YI 720 vegna galla sem fram hefðu komið í afkvæmunum. Ekki kemur fram í umræðum um hvaða galla var að ræða. Ekki er hægt að ímynda sér að um alvarlega galla hafi verið að ræða. A.m.k. hafa þeir alls ekki erfst frá Borgfjörð Reynis á Sigmundarstöðum en hann var undan YI 720. Einnig var Ylur notaður til undaneldis í mörg ár hjá Kjartani á Guðnabakka með góðum árangri.

Seldur Kjartani Jónssyni, Guðnabakka 1974.

Söluverð kr. 30.000

36 Flóki frá Geirshlíð, brúnstjörnóttur f. 1968

F: Uggi frá Hesti

M: Geira 3060 frá Hvítárvöllum. Eig. Pétur Jónsson í Geirshlíð.

5. nóv. 1970 var samþykkt á stjórnarfundum Hrs. V. að kaupa brúnstjörnóttan 2ja vetra foli af Pétri Jónssyni í Geirshlíð. Í janúar og febrúar 1971 var í tamningu á tamningastöðinni á Hvítárbakka foli sem nefndur er Flóki í eigu Hrs. V. Þarna er ábyggilega um sama fola að ræða. Á þessum árum var algengt að taka í tamningu fola á 3ja vetur og sýna að vorinu þegar þeir voru fullra 3ja vetra. Hann var svo sýndur sem afkvæmi móður sinnar Geiru 3060 á afkvæmasýningu á fjórðungsmótinu 1971. Samkvæmt aðalfundargerð árið 1972 er hann seldur árið 1971. Vegna glataðra gagna er ekki hægt að draga fram í dagsljósið meira um þennan hest.

Kaupverð 1970 kr. 20.000

37 Ófeigur 818 frá Hvanneyri, Borg., brúnstjörnóttur f. 1969

Bandmál 143-163-30-18,5 (6.6)

F: Hrafn 583 frá Árnanesi

M: Skeifa 2799 frá Kirkjubæ (síðar á Hvanneyri)

Keyptur 1970 af Sigurborgu Jónsdóttur Hvanneyri.

Sýndur 1974 á Landsmóti á Vindheimamelum, hlaut 1. verðl. Varð nr. 2.

B 8.23 H. 8.80 A. 8.55

Umsögn: Fagur, fjölhæfur og flugvakur gæðingur.

Afkvæmarannsókn nr. 45 1977. Eink. B. 7.63 H. 7.45 A. 7.55



Sýndur með afkvæmum á fjórðungsmóti á Kaldármelum 1980, hlaut 1. verðl. 8.07 stig.

Umsögn: Ófeigur 818 er með þekktustu stóðhestum landsins og hafa samtök hrossaræktenda víða um land falað hestinn til undaneldis, en ekki hefur hann verið leigður burtu af sambandssvæði Vesturlands svo heitið geti. Hefur það bæði kosti og galla. Afkvæmi Ófeigs 818 eru mjög þröttlega byggð og einkennir það höfuð, bol og fætur en fríðleiki er lítill og óprýðir mjög rýrð í faxi, ennistoppi og stundum í tagli. Stærðin er ágæt. Háls er fremur grannur, meðallangur og vel settur, full djúpur, ásamt brjósti og bol, sem gerir bygginguna of þunga. Bakið er lítið sveigt og ekki vel fyllt með hryggnum, herðarnar langar, nokkuð hvassar, lendin öflug, ekki löng. Fætur eru traustir, oft útskeifir framan. Vilji er fjörmikill, harður og lundin frek og betra að forðast skapbryðjur sem mótaðila að afkvæmunum. Samant.: Harðsnúinn vilja- og fjörhross með miklum alhliða gangi, góðum fótaturði og löngu afturfótastigi, þröttlega byggð.

Sýnd afkvæmi:

Sunna 4631 frá Fáskrúðarbakka

Perla frá Kaðalstöðum

Gerpla frá Hvanneyri

Hrafn frá Hvítárbakka

Aldís frá Nýja Bæ

Sýndur með afkvæmum á LM 1982 á Vindheimamelum. Hann var nr. 1 í þessum flokki.

Umsögn um afkvæmi: Afkvæmi Ófeigs 818 eru mjög þröttleg á höfuð, bol og fætur, en ekki fríð og nokkuð vantar á þrúðleikann. Stærðin er ágæt. Háls er fremur grannur, vel settur en dýpt er full mikil um háls og brjóst, sem þyngir bygginguna nokkuð. Herðar eru langar, bakið lítið sveigt, lendin öflug, ekki löng. Fætur eru traustir, oft útskeifir að framan. Vilji er fjörharður og lundin ör, og sennilega er Ófeigur sá stóðhestur, sem gefur öruggastan vilja allra afkvæmadæmdra stóðhesta. Hann hlýtur 1. verðl. fyrir afkvæmi, eink. 8.12

Þessi afkvæmi voru sýnd:

Hrafn frá Hvítárbakka, brúnn f. 1972, hæð 141 cm

M: Skvetta frá Hvítárbakka. Eig. Jón Árnason, Akranesi

Jónki frá Deildartungu, brúnn f. 1976, hæð 144 cm

M: Brúnka, Deildartungu, eig. Sigfús Jónsson, Skrúð

Dúkka 4918 frá Hrappsstöðum, rauðstjörnött, glófext, f. 1975 hæð 141 cm

M: Drífa 3974 frá Lækjarmótum. Eig. Alvilda Þóra Elísdóttir, Hrappsstöðum

Gerpla 4523 frá Hvanneyri, brúnstjörnött fl. 1973, hæð 144 cm

M: Kátína 3214 Hvanneyri. Eig. Guðmundur Ólafsson, Hvanneyri

Ör 4917 frá Stykkishólmi, rauðblesótt f. 1975, hæð 141 cm

M: Stjarna 3970 Fáskrúðarbakka, eig. Högni Bæringsson, Stykkishólmi

Perla 4889 frá Kaðalstöðum, jörp f. 1975, hæð 141 cm



M: Skjóna 4077 Kaðalstöðum, eig. Bragi Andrés­son, Hellu

Brúnblesi 943 frá Hoftúnum, brúnblesóttur f. 1975, hæð 144 cm

M: Jörp 3581 Hoftúnum, eig. Guðmundur og Narfi Kristjánssynir, Hoftúnum

Hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á LM Hellu 1986. Eink. $7.94 - 8.37 = 8.10$

Umsögn: Afkvæmi Ófeigs 818 eru þröttlega byggð, en ekki fínleg eða fríð, oft óprúð á fax og ennistopp og jafnvel tagl. Stærð er ágæt, háls er fremur grannur og vel settur við háar herðar, en í dýpra lagi ásamt brjósti og bol, sem gerir bygginguna fullþunga. Bak er lítið sveigt, lendin öflug, ekki löng. Fætur traustir, oft útskeifir framan. Meðalstærð er 142.3 cm, bandmál. Þau eru harðgerð í lund, viljamikil, oft fjörug með mikinn allhiða gang, góðan fótaturð og langt afturfótastig. Harðsnúin vilja- og ganghross með hrausta en ekki fríða byggingu.

Sýnd afkvæmi:

Perla 4889 frá Kaðalstöðum, jörp f. 1975, hæð 141 cm

M: Skjóna 4077 Kaðalstöðum, eig. Bragi Andrés­son, Eystra-Fróðholti

Drottning 5391 frá Stykkishólmi, brún f. 1975, hæð 144 cm

M: Gola 4457 frá Innra-Leiti, eig. Leifur Kr. Jóhannesson, Stykkishólmi

Hilda 5390 frá Ólafsvík, brún f. 1977 hæð 143 cm

M: Fluga 3998 frá Hlöðum, Selfossi, eig. Sigurbjörn Bárðarson, Reykjavík

Sunna 4631 frá Fáskrúðarbakka, rauðblesóss f. 1973, hæð 140 cm

M: Fjöður 3580 frá Fáskrúðarbakka, eig. Bjarni Eyjólfsson, Grundarfirði

Dúkka 4918 frá Hrappsstöðum, rauðstjörnött, glófext, f. 1975, hæð 141 cm

M: Drífa 3974 frá Lækjarmótum. Eig. Alvílda Þóra Elísdóttir, Hrappsstöðum

Flosi 966 frá Brunnum, A. Skaft., jarpur f. 1977, hæð 175

M: Svala 3258 frá Brunnum, eig. Hrs. Austur-Skaftfellinga

Hrefna 5297 frá Höfn, Hornafirði, brún f. 1978, hæð 143 cm

M: Dekkja 3267 frá Fornustek­kum, eig. Guðmundur Jónsson, Höfn

Aldís 4616 frá Nýjabæ, Borg., svört f. 1974, hæð 140 cm

M: Nótt 3208 frá Nýjabæ, eig. Ólöf Guðbrandsdóttir, Nýjabæ

Gerpla 4523 frá Hvanneyri, brúnstjörnött fl. 1973, hæð 144 cm

M: Kátína 3214 Hvanneyri. Eig. Guðmundur Ólafsson, Bárustöðum

Ör 5948 frá Erpsstöðum, grá f. 1977, hæð 145

M: Brana, Kirkjuskógi, eig. Guðmundur Harðarson, Sauðafelli

Hrafn frá Hvítárbakka, brúnn f. 1972, hæð 141 cm

M: Skvetta frá Hvítárbakka, eig. Jón Árnason, Akranesi



Jónki frá Deildartungu, brúnn f. 1976, hæð 144 cm
M: Brúnka, Deildartungu, eig. Sigfús Jónsson, Skrúð

Var felldur 26 vetra gamall árið 1994 og er heygður á Báreksstöðum.

Kaupverð kr. 20.000

38 Roði 805 frá Brúnastöðum, Skag, rauður f. 1961

Bandmál 139-158-29-18.5 (6.65)

F: Goði 472 frá Álftagerði

M: Molda frá Hellisholtum u. Blakk 129 frá Árnanesi.

Sýndur á Vindheimamelum 1972. B 8.00 H. 7.87 A 7.94

Umsögn: Prúður, mjúklega vaxinn, gangrúmur reiðhestur.

Eftir sýninguna á Vindheimamelum keypti Hrs. V. Roða 805 og var hann eftir það oft skráður Roði II til aðskilnaðar frá Roða 453 frá Skörðugili.

Afkvæmarannsókn nr. 26 1973 fór fram á tamningastöð Hestamannafélagsins Léttfeta á Sauðárkróki.

Meðaleinkunn afkvæma: B 7.43 H 7.47 A 7.45

Þrátt fyrir góða útkomu afkvæmarannsóknarinnar kom fram á aðalfundi 28. apríl 1973 að ástæða væri til að gjalda varhug við notkun á Roða 805 þar sem fram hefði komið nokkuð ríkjandi viðkvæmni í afkvæmum hans.

Enda fór svo að hann var seldur óvanaður til Noregs 1975. Útflytjandi var Samband íslenskra samvinnufélaga.

Kaupverð 20. júlí 1972 kr. 80.000

Söluverð (skilaverð) kr. 127.725

39 Börkur AA135087 frá Deildartungu, jarpur f. 1969

F: Roði 453 frá Skörðugili

M: frá Deildartungu

Börkur brást algerlega þeim vonum sem við hann voru bundnar. Reyndist hann við tamningu einhæfur brokkari með tregu tölti. Undan honum komu þó hross sem reyndust allvel í stökkkeppni.

Kaupverð kr. 80.000

Vanaður og seldur 1975 í skiptum fyrir hryssu sem sýndist lítið eitt seljanlegri.

Hryssan seldist svo 1976 á kr. 106.253 en þá var búið að kosta nokkru til hennar.

Þessi viðskipti hafa kannski sloppið fyrir horn.

40 Elgur 846 frá Litlu-Gröf, Mýr., grár f. 1970

Bandmál 142-156-27.5-18.5 (6.4)



F: Baldur 449 frá Bóndhól

M: Grána frá Litlu-Gröf, u. grárri hryssu frá sama stað og Þokka 232 frá Hamri

Keyptur af Hirti Guðmundssyni árið 1973.

Sýndur í Faxaborg 1975. Eink.: B 7.90 H 7.83 A 7.83 Stóð nr. 3

Umsögn: Mjög prúður, jafnvaxinn þó full djúpur, góðar hreyfingar, viljamikill hestur. Afkvæmarannsókn nr. 49 1978. Eink. B 7.27 H. 7.06 A 7.17

Kom haltur á framfæti (bólginnum um hné) úr girðingu haustið 1977. Var vanaður vorið 1978, því vonir stóðu til að hann hefði náð sér í fætinum og búið var að fá kaupanda að honum. En við áreynslu tók bilunin í fætinum sig upp. Var felldur í desember 1978.

Kaupverð 1973 kr. 50.000 Söluverð (sláturv.) 1978 kr. 67.710

41 Fróði 839 frá Hesti, Borg., rauðjarpur f. 1969

Bandmál 143-157-29.5 – 19 (6.2)

F: Þokki 664 frá Bóndhól

M: Snælda 2281 frá Hólum, Hornaf.

Keyptur af Einari E. Gíslasyni á Hesti 1973.

Sýndur í Faxaborg 1975. B. 7.70 H. 8.10 A 7.90 Stóð nr. 1

Umsögn: Viljugur alhliða ganghestur með allgóðum skeiðgripum.

Afkvæmarannsókn nr. 50, 1978 Eink. 7.41 – 7.30 – 7.36

Sýndur á FM 1980 á Kaldármelum með afkvæmum.

Umsögn: Afkvæmi Fróða 839 eru prúð og þokkaleg hross, og er stærðin í góðu meðallagi. Þau eru allvel fríð á höfuð með glaðan hreinan svip, hálsinn meðalreistur, ekki sver, herðar ágætar, bakið beint, lendin stutt, flöt og fullgrönn afturbygging. Fætur þurrir, all vel réttir. Vilji er harðfrískur og fylginn sér og lundin spennt en ekki mjúk. Allur gangur er í hrossunum, ekki sérlega ferðmikill, þá einkum skeiðið, en töltið betra. Fróði gefur meðalfalleg viljahross, sem búa yfir sæmilegri ganghæfni en þróast oft í stífleika og nýtast ekki eins vel fyrir bragðið. Fróði er ekki nógu álitlegur undaneldishestur, þótt hér sé e.t.v. um of lítinn hóp að ræða. Meðaltal 6 afkvæma 7.71 sig og hlýtur Fróði 2. verðlaun fyrir afkvæmi.

Eftirtalin afkvæmi voru sýnd:

Börkur frá Bjarnarhöfn, jarpur f. 1974

M: Lokka frá Bjarnarhöfn, eig. Ágúst Jónsson, Reykjavík

Skíma 4912 frá Bjarnarhöfn, grá f. 1974

M. Mön, Bjarnarhöfn, eig. Jón Bjarnason, Bjarnarhöfn



Litfríð frá Bjarnarhöfn, jörp f. 1974

M: Jarpskjóna, Bjarnarhöfn, eig. Pétur Jökull Hákonarson, Reykjavík

Hrímnir frá Bjarnarhöfn, grár f. 1974

M: Íra frá Bjarnarhöfn, eig. Jón Bjarnason, Bjarnarhöfn

Léttir frá Hoftúnum, jarpur f. 1974

M: Snúlla Hoftúnum, eig. Sigurgeir Bjarnason, Ólafsvík

Fáskrúður frá Fáskrúðarbakka, skoljarpur f. 1974

M: Blesa 3579 frá Fáskrúðarbakka, eig. Gunnar Kristjánsson, Fáskrúðarbakka

Seldur óvanaður 1979 Símoni Teitssyni og fleirum.

Kaupverð 1973 kr. 130.000 Söluverð 1979 kr. 250.000

42 Glanni 917 frá Skáney, leirljós f. 1972

Bandmál 144-159-30.5-18.5 (6.4)

F: Blöndal 669 frá Stafholti

M: Skvetta 2859 frá Gufunesi/Skáney

Keyptur 1974 af Marinó Jakobssyni og sendur á Stóðhestastöð ríkisins og alinn þar umm til 5 v. aldurs.

Sýndur á FM Kaldármelum 1980 B 8.00 H 7.75 A 7.88

Lýsing: Myndarlegur reiðhestur með allan gang.

Afkvæmarannsókn nr. 67 1980 Eink. B 7.07 H 7.09 A 7.08

Seldur óvanaður 1981 Gunnari Haraldssyni, Suðureyri, sem lét Skúla Kristjánsson í Svignaskarði fá hann upp í skuld árið 1982.

Seldur að Skáney 1982, eig. Birna Hauksdóttir.

Sýndur með afkvæmum 1984 á FM Kaldármelum. Eink. 7.83-7.95=7.89 Nr. 4 í röð.

Umsögn: Afkvæmi Glanna 917 eru um meðalhross að stærð (141 cm) allvel fríð þó ekki fingerð, vakandi á svip og vel príð. Hálsinn fremur sver meðalreistur en þó oft góður í kverk. Afturbygging er fullhá, við þokkalegt bak og herðar í lægra lagi.

Lendin er óvenju löng, breið, brött og öflug, svo eftir er tekið, bolur er djúpur og samræmi byggingar því í tæpara lagi. Fætur þurrir og sterkir en útskeifir að framan, hófar ljósteinóttir, djúpir.

Hrossin eru þokkalega viljug, lundin eilítið tortryggin en hrekklaus. Allur gangur er rúmur, tóltið aðeins skeiðborið en vekurðin mikil. Dugnaðarleg, sverbyggð, ekki fríð, mikið skeið.

Sýnd afkvæmi:

Gletta 5395 frá Stykkishólmi, leirljós f. 1976, hæð 140 cm



M: Gjóstá 3676 frá Innra Leiti, eig. Þórir Svavarsson

Hnallþóra 5390 frá Stykkishólmi, grá f. 1976, hæð 142 cm

M: Þota 3102 frá Innra Leiti, eig. Þorkell Bjarnason, Laugarvatni

Vaka 5944 frá Stykkishólmi, leirljós f. 1976, hæð 142 cm

M: Brúnka 5398 frá Innra Leiti, eig. Þórður Jónsson, Árbæ, Barð.

Rispa 5543 frá Skáney, rauðbleik f. 1977, hæð 140 cm

M: Litla Rauðka frá Skáney, eig. Bjarni Marinósson, Skáney

Blanda 5951 frá Búðardal, móvindótti f. 1976, hæð 139 cm

M: Gamla Brúnka frá Svarfhóli, eig. Skjöldur Stefánsson, Búðardal

Bára 5402 frá Smáhömrum, Strand, brún f. 1977, hæð 143 cm

M: Fluga 3563, eig. Björn H. Karlsson, Smáhömrum, Strand.

Kaupverð 1974 kr. 50.000 Söluverð 1981 kr. 20.000

Hafa ber í huga að 1981 eru nýjar krónur komnar í umferð.

43 Fáfni 847 frá Svignaskarði, ljósrauður, stjörnóttur, f. 1970

Bandmál 141-152-29-18.5 (6.7)

F: Blesi 598 frá Skáney

M: Ljónslöpp 2958 frá Krossi, Lund., síðar í Svignaskarði.

Keyptur af Skúla Kristjónssyni 1974.

Sýndur í Faxaborg 1975. B 8.10 H. 7.95 A 8.03. Stóð nr. 1

Umsögn: Fagur og efnilegur alhliða reiðhestur.

Afkvæmarannsókn nr. 66 1980. eink. B 7.33 H. 6.94 A 7.14

Seldur óvanaður Skúla Kristjónssyni Svignaskarði 1983.

Kaupverð 1974 kr. 120.000 Söluverð 1983 kr. 5.000

Í sambandi við söluverð á Fáfni 847 ber að hafa í huga verðlagsbreytinguna sem varð um áramótin 1980 – 1981.

Seinna seldi Skúli Kristjónsson Fáfni til Danmerkur.



44 Bægifótur 840 frá Gullberastöðum, Lund., jarpur f. 1969

Bandmál 147-160-31-18,5 (6.4)

F: Þokki 664 frá Bóndhól

M: Vogalækjar-Jörp frá Gullberastöðum

Keyptur af Guðmundi Péturssyni árið 1975.

Sýndur í Faxaborg 1975. Eink. B 7.70 H 7.85 A 7.78 Stóð nr. 3.

Umsögn: Fjörugur stólpagripur með allan gang og rúmar hreyfingar. Lundin er talin óþjál og ganandi höfuðburður talinn óprýða hann sem reiðhest.

Afkvæmarannsókn nr. 46 1977. Eink. 7.30 7.19 7.26

Sýndur með afkvæmum FM 1980 á Kaldármelum.

Umsögn: Afkvæmi Bægifótar eru stór, langvaxin, með úrvals herðar og langan háls, en stíft hnakkaband veldur ganandi höfuðburði, því að um þrengsli í kverk er ekki að ræða. Lendin er stutt, áslaga og afturbygging grönn og langleggur afturfótar óvenju langur og veldur hárrí lend. Fætur eru réttir, þurrir og traustir. Þau eru viljamikil en óþjál í lund, oft með ónot í beisli og nokkuð vandtamin. Gangur er prýðilega fjölhæfur, hrossin góð ásetu, afar mjúk og jafnvíg á hvaða gangtegund sem er. Fótaburður oftast mjög fallegur. Bægifótur gefur mikla reiðhesta en vegna lýta í höfuðburði og lundgalla telur dómnefnd hann ekki æskilegan til undaneldis. Meðaleinkunn 6 afkvæma 7.89 stig og hlýtur hann 2. verðlaun fyrir afkvæmi.

Þessi afkvæmi voru metin í dómnum:

Gáski 915 frá Gullberastöðum, bleikálóttur f. 1973, 143-158-29.5-18

M: Blika frá Vallanesi, eig. Ólafur Guðmundsson, Litla Bergi, Borg.

Rosi 913 frá Nýja Bæ, jarnsöttur f. 1973 145-156-30-18

M: Nótt 3208 Nýja Bæ, eig. Þorvaldur Árnason, Eyrarbakka

Bæringur frá Hesti, brúnstjörnóttur f. 1973 148-164-31.5-18.5

M: Lipurtá 3624 Geirshlíð, eig. Guðni Kristinsson, Skarði

Blakkur frá Gullberastöðum, brúnn f. 1973 145-161-29-18

M: Mýsla frá Gullberastöðum, eig. Kari Berg, Krossi

Sproti frá Torfastöðum, Árn., bleikálóttur f. 1975 148-164-29-18.5

M: Glenna 3333 Hömrum, eig. Hallgrímur Hallgrímsson, Akranesi

Kvika frá Torfastöðum, Árn., ljósörp f. 1974 138-155-26.5-17

M: Muska, Torfastöðum, eig. Jón Ingi Baldursson, Reykjavík

Félagasamtök í Hornafirði keyptu Bægifót að sýninugu á Kaldármelum lokinni.

Kaupverð 1975 kr. 130.000 Söluverð 1980 kr. 2.000.000



45 Fylkir 75165482 frá Akureyri, rauður f. 1975

F: Börkur 72165483
M: Blesa 4413 frá Akureyri

Keyptur folald af Gesti Jónssyni Akureyri 1975.

Alinn upp á Stóðhestastöð ríkisins. Taminn á 4. vetri. Þótti ekki vænlegt stóðhestsefni. Eink. B 6.9 H 6.95 A 6.93
Vanaður og seldur á uppboði stöðvarinnar haustið 1979.

Kaupverð kr. 50.000 Í sjóðbók er talið í einu lagi söluverð Fylkis og Glóa frá Svignaskarði og er því hér talið í einu lagi verð þeirra beggja kr. 803.500

Á árunum sem Stóðhestastöð ríkisins starfaði var eftirsóknarvert að koma þangað í uppeldi vel ættuðum hestfolöldum og tryggja um leið gott uppeldi þeirra, og tamningu hjá færustu tamningamönnum.

Gestur Jónsson á Akureyri hafði í allmörg ár stundað hrossarækt með góðum árangri og kynbótahross frá honum staðið í efstu sætum kynbótahrossa á landinu.

Því þótti góður kostur þegar bauðst hestfolald frá honum og hægt að koma því á stóðhestastöðina. Hrs. V. hlaut ekki happdrættisvinning að þessu sinni.

46 Glói 75136520 frá Svignaskarði, rauðglófextur f. 1975

F: Roði 453 frá Ytra-Skörðugili
M: Hugsýn 4089 frá Hlíð, Hörðudal, Dal.

Keyptur folald af Skúla Kristjónssyni 1975.

Alinn upp á Stóðhestastöð ríkisins. Taminn á 4. vetri. Þótti ekki vænlegt stóðhestsefni. Eink. B 7.2 H 7.22 A 7.21
Vanaður og seldur á uppboði Stöðvarinnar haustið 1979.

Kaupverð kr. 55.000 Söluverð Glóa og Fylkis sameiginlega kr. 803.500

Sjá að öðru leyti greinargerð með Fylki frá Akureyri.

47 Klaki 914 frá Gullberastöðum, grár f. 1973

Bandmál 142-156-30.5-19 (6.5)

F: Hrímnir 585 frá Vilmundarstöðum
M: Héla 2625 frá Gullberastöðum



Arfhreinn grár.

Keyptur af Sigrúnu Árnadóttur, Gullberastöðum 1976.

Sýndur á Landsmóti Skógarhólum 1978. Hlaut 2. verð.

B 7.90 H 7.77 A 7.84

Umsögn: Prúður, en djúpvaxinn, lendin fullstutt, lundin góð, nægur vilji, sýnir allan gang, en ekki snerpu í neinu.

Afkvæmarannsókn nr. 82 1983. B. 7.47 H 6.88 A 7.18

Vanaður 1983 og seldur Erni Einarssyni Miðgarði 1984.

Kaupverð kr. 200.000 Söluverð kr. 20.000

Á aðalfundi Hrs. Vesturlands 1969 kom fram tillaga um að viðhalda bæri hvítum og ljósum litum í hrossastofni landsmanna. Allir voru sammála um það. Þegar Klaki 914 var keyptur vissu menn eðlilega ekki að hann væri arfhreinn fyrir gráum lit en mörg hross undan honum voru fædd rauð, ljósrauð og móbrún og urðu snemma hvít. Þegar fram kom að Klaki 914 væri arfhreinn fyrir gráum lit ríkti mikil eftirvænting hjá ráðamönnum Hrs. V. um hvort hann yrði nógu góður undaneldishestur. Sú von brást þrátt fyrir gott ætterni hans. Klaki 914 er gott dæmi um hvað erfitt það er að viðhalda vissum litum í hrossastofninum.

48 Eilífur 77136001 frá Sveinatungu, leirljós f. 1977

F: Hrafn 583 frá Árnanesi

M: Mjöll 3340 frá Hafþórsstöðum

Keyptur folald af Þorvaldi Jósefssyni haustið 1977. Alinn upp á Stóðhestastöð ríkisins.

Sýndur þar 1981, eink. B 7.78 H 7.19 A 7.48

Umsögn: Fjörugur klárhestur með tölta.

Sýndur á Stóðhestastöð ríkisins 1982.

Seldur óvanaður Þorvaldi Jósefssyni 1983.

Sýndur á héraðssýningu í Faxaborg 1984. Eink. B 7.80 H 7.47 A 7.64

Kaupverð kr. 100.000 Söluverð 45.000

Eilífur var seinna seldur Markúsi Benjamínssyni sem notaði hann til undaneldis.

49 Dreyri 76135720 frá Oddsstöðum, rauður f. 1976

F: Freyr 579 frá Árbæ

M: Litla-Rauðka 57235720 frá Oddsstöðum



Keyptur 1979 af Kristjáni Davíðssyni Oddsstöðum, eftir það alinn upp á stóðhestastöð Búnaðarfélags Íslands.

Sýndur á stóðhestastöð BFÍ 1980, eink. B 7.61 H 7.05 A 7.33

Vanaður og seldur á uppboði stóðhestastöðvarinnar haustið 1980.

Kaupverð kr. 500.000 Söluverð (uppboð) kr. 1.150.000

50 Þröstur 908 frá Kirkjubæ, rauðblesóttur f. 1973

Bandmál 140-152-30-18 (6.2)

F: Þáttur 722 frá Kirkjubæ

M: Glóð frá Kirkjubæ

Sýndur á LM í Skógarhólum 1978. B 8.10 H 8.05 A 8.08

Umsögn: Fallegur, góð hlutföll í byggingu, mjúkvaxinn, góðir fætur, alhliða reiðhestur.

Keyptur 50% hlutur árið 1979 af Stóðhestastöð Búnaðarfélags Íslands. Sameign með Hrs. Austur-Húnavatnssýslu sem eiga 50%

Afkvæmarannsókn nr. 79 1982 Eink. B 7.74 H 7.09 A 7.42

Seldur óvanaður 1988 Sveinbirni Benediktssyni Krossi í Landeyjum, seinna skráður í eigu Axels Þórs Sveinbjörnssonar Krossi.

Kaupverð 50% kr. 750.000. Söluverð 50% kr. 35.000

Þetta er fyrsti hesturinn sem var keyptur í sameign með öðrum samböndum/einstaklingum.

51 Leiknir frá Svignaskarði, rauðskjóttur f. 1972

Bandmál 136-153-29.0-17.5-6.5

F: Sörli 653 frá Sauðárkróki

M: Ljónslöpp 2958 frá Krossi

Sýndur í Faxaborg 1975 3ja vetra. Hlaut þar byggingardóm, eink. 7.53

Sýndur 1976, eink. 7.70-7.54=7.62

Sýndur í Faxaborg 1977. Hlaut þar 2. verðl. eink. 7.70-7.54=7.62

Umsögn: Smár, heldur höfuðgrófur, en reistur. Réttir og góðir fætur. Vel viljugur, skapgóður, allur gangur, lyftir vel fótum, tölt fremur skeiðborið, rými ekki mikið á skeiði ennþá.



Afkvæmaprófun nr. 72 1981, eink. B 7.60 H 7.08 A 7.34

Sýndur með afkvæmum 1984 á FM Kaldármelum, eink. 7.89, nr. 2 í röð.

Unsögn: Afkvæmi Leiknis eru með ólíkindum stór vexti miðað við hann sjálfan (138 cm) að meðaltali 144 cm. Þau eru þokkalega fríð og kjarkleg, heldur gróf um eyru. Háls er reistur, vel settur, grannur fram, en hnakkabeygja þó oft léleg á hrossunum í reið. Bóglega skásett, herðar háar, bakið beint, en vel fyllt, bolur vel borinn, lendin brött fullstutt og kúpt jöfn og fyllt. Samræmi ekki of gott, lengd mætti vera meiri. Fætur grannir og léttir, virðast duga. Vilji er ágætur og viðsjál lund sem áður virtist vera í tamningartrippum sýnist ekki vera í teljandi mæli, þó ber að vera á verði um það. Gangur er allur fyrir hendi, en meiri athygli vekur þó klárgangur en skeið í hrossunum.

Keyptur af Skúla Kristjónssyni Svignaskarði 1981.

Sýnd afkvæmi:

Vafi frá Skáney, rauður f. 1977, hæð 148 cm

M: Aldís frá Svignaskarði/Skáney

Eig. Gústaf Ívarsson, Grundarfirði

Eldur frá Krossi, rauður f. 1976, hæð 139 cm

M: Stjarna frá Krossi, Lund.

Eig. Pétur Siguroddsson, Reykjavík

Sindri frá Tungufelli, bleikskjóttur f. 1977, hæð 141 cm

M: Bleik II frá Tungufelli

Eig. Finnbogi Gunnlaugsson, Akranesi

Tumi frá Tungufelli, rauður f. 1977, hæð 141 cm

M: Freyja frá Tungufelli

Eig. Kolbrún Hjörleifsdóttir, Ketilstaðaskóla, Mýrdal

Grákollur frá Tungufelli, gráskjóttur f. 1976, hæð 147 cm

M: Freyja frá Tungufelli

Eig. Hjörleifur Vilhjálmsson, Tungufelli

Seldur óvanaður 1987 Skúla Kristjónssyni Svignaskarði.

Kaupverð kr. 45.000 Söluverð kr. 15.000

Í tvö ár var Leiknir eftirsóttasti stóðhestur Hrs. V., næst á eftir Ófeigi 818. Síðan datt notkun á honum niður. Eitt af mörgum dæmum um sveiflur á áhuga fyrir stóðhestunum.



52 Fjölur 941 frá Sigmundarstöðum, rauðblesóttur f. 1975

Bandmál 143-156-30-19.6-6.4

F. Borgfjörð 909 frá Hvanneyri

M: Drottning 4150 frá Árgerði

Sýndur 5 vetra á FM á Kaldármelum 1980, eink. B 7.83 H 7.98 A 7.91

Umsögn: Fínlegur, reistur, lundgóður og fjölhæfur reiðhestur. Afturfætur of grannir.

Keyptur 1981 af Reyni Aðalsteinssyni Sigmundarstöðum.

Héraðssýning 1982, eink. B 7.83 H 8.07 A 7.95

Afkvæmaprófun á Sigmundarstöðum nr. 89 1985. B 7.41 H 7.37 A 7.39

Sýndur með afkvæmum 1988 á FM á Kaldármelum.

Umsögn: Afkvæmi Fjölur eru höfuðlöng með djúpa kjálka, opið glaðlegt auga, eyrun heldur gróf en vel borin, háls langur, meðalreistur, herðar ágætar. Bakið er þokkalegt, lendin kúpt, full stutt og brött. Þau eru frekar djúpvaxin fram, sem veldur ósamræmi. Fætur eru sæmilegir, nokkuð snúnir en hófar betri. Þau eru lundgóð og tregðulaus, oft stýgg í byrjun en spekjast fljótt. Vilji er þjáll og þau hafa allan gang, skeiðið oftast prýðilegt. Tvö afkvæmanna eru góðir hestar en fleiri eru um meðallag. Fjölur er nothæfur undaneldishestur, en ekki til framfara og hlýtur 7.86 stig og 2. verðlaun.

Sýnd afkvæmi:

Fleygur frá Borgarnesi, brúnn f. 1981, hæð 145 cm

M: Folda 4200 frá Múlakoti

Eig. Stefán Þorsteinsson, Borgarnesi

Helena 6874 frá Skarði II Borg., móbrún, stjörnött, f. 1981, hæð 146

M: Jósefína 4877 frá Arnþórsholti

Eig. Kari Berg, Skarði II, Lund.

Hlekkur frá Sveinatungu, brúnn f. 1981, hæð 140

M: Madóna 4891 frá Sveinatungu

Eig. Fjóra Runólfsdóttir, Skarði, Landsv.

Ófeig 81235010 frá Sigmundarstöðum, brúnstjörnött f. 1981, hæð 143

M: Hrefna 5230 frá Kolkuósi

Eig. Reynir Aðalsteinsson, Sigmundarstöðum

Sunna 81235012 frá Litla-Bergi, rauðblesótt f. 1981, hæð 139

M. Blika 5883 frá Vallanesi

Eig. Ólafur Guðmundsson, Litla-Bergi

Vífill frá Sigmundarstöðum, bleikur f. 1980, hæð 148

M: Stóra Bleik



Eig. Haraldur Sigurgeirsson, Reyjavík

Seldur óvanaður til Danmerkur 1989.

Kaupverð 31.000 Söluver Fjöltnis og Skyggnis ósundarliðað kr. 700.000

Fjöltnir 941 er síðasti hestur í eigu Hrs. V. sem fór í afkvæmarannsókn. Um þetta leyti Lagðist sú starfsemi niður.

53 Skór 823 frá Flatey, Hornafirði, rauðstjörnöttur f. 1970

Bandmál 140-153-29-18- (6.2)

F: Faxi 646 frá Árnanesi

